



Pressaði  
æskudraum á  
vínly sjötugur

Sparaðu tíma og  
gerðu einfaldari  
innkaup á **netto.is**



nettó

# FRETTABLAÐIÐ

FRÍTT

33. TÖLUBLAÐ

23. ÁRGANGUR

frettabladid.is

FIMMTUDAGUR 16. FEBRÚAR 2023

OKKAR VINNA  
SKAPAR VERÐMÆTIN



## Sáttaviðræður fram á kvöld

Félagsmenn Eflingar funduðu í Hörpu í gær til að þetta raðinnar. Í Karphúsinu vörðu samninganefndir SA og Eflingar gærdeginum fram á kvöld við að reyna að finna leiðir til geta náð saman um kjarasamning og afstýra þannig verkfalli Eflingar. SJÁ SIÐUR 2-4. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

SKOÐUN 11

Ísland hefur hag  
af Pútinstríðinu



MENNING 19



Óbærilegur léttleiki  
knattspyrnunnar

LÍFIÐ 22

Íslenska hagkerfið  
sé alkóhólískt

**EFNAHAGSMÁL** „Það má líkja hagkerfinu hér á landi við alkóhól-istahagkerfi þar sem þjóðin er meðvirk“, segir Breki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna.

Mörg íslensk heimili eru að sligast vegna krónunnar, verðbólgu og stökkbreyttra vaxta að sögn Breka.

„Að yfir helmingur vilji taka upp evru er mjög athyglisverð niðurstaða“, segir Ólafur Þ. Harðarson, prófessor í stjórnmálafræði, um útkomu í könnun Prósent. SJÁ SIÐU 8.



Breki Karlsson,  
formaður  
Neytendasam-  
takanna

## Boðar nýjan heimsfaraldur

Baráttan við Covid-19 er ekki að baki. Sóttvarnalæknir segir þess utan von á nýjum heimsfaraldri sem líklega verði influensa. Pestir sem nú herji á heitari lönd geti borist til landa sem kaldari eru.

ser@frettabladid.is

**HEILBRIGÐISMÁL** Guðrún Aspelund sóttvarnalæknir segir það ekki spurningu hvort heldur hvenær næsti heimsfaraldur ríði yfir.

„Við eigum alveg örugglega von á einhverju“, segir Guðrún í viðtalsþættinum Mannamáli sem sýndur verður í kvöld á Hringbraut. Þar fer hún yfir mögulega heimsfaraldrá sem mannkynið þarf að glíma við á næstu árum.

„Langlíklegastur er heimsfaraldur influensu“, segir Guðrún. Vegna



Langlíklegastur er  
heimsfaraldur influ-  
ensu.



Guðrún  
Aspelund,  
sóttvarnalæknir

loftslagsbreytinga og hlýnunar jarðar sé líka möguleiki á því að skæðar pestir, sem herji á heitari lönd, færi sig yfir til þeirra kaldari. Þar megi nefna smitsjúkdóma sem fylgja moskitó.

Eins megi allt eins búast við nýju afbrigði af fuglaflensu sem berist ekki bara úr dýrum í menn, eins og nú gerist, heldur á milli manna. Slík afbrigði verði að taka alvarlega.

Guðrún segir baráttuna við Covid-19 fráleitt að baki. Tuttugu til þrjátíu greinist enn á dag. Líklega smitist helmingi fleiri. Pestin muni fylgja mannkyninu inn í ókomin ár.

Ahyggjur er nú af því að nýr faraldur brjótist út í Miðbaugs-Gíneu. „Einkennin eru svipuð og í ebólusmitum“, segir Kamilla Sigríður Jósefsdóttir smitsjúkdómalæknir. Veiran var einangruð á rannsóknarstofu í Þýskalandi. SJÁ SIÐU 2.



Tjáningarpörfin  
leyst úr læðingi



**BYKO**

GERUM ÞETTA SAMAN



**STUNDUM  
ER BETRA  
AÐ LEIGJA**

Vinnulyftur í ýmsum stærðum og gerðum



Þýsk herpota hér á landi við gæslu.

## Aðskotaloftför kalla á aðstoð frá grannríkjunum

odduraevar@frettabladid.is

**ÖRYGGISMÁL** Ef óauðkennd loftför koma inn á loftrýmissvæði Íslands sem ekki er hægt að bera kennsl á, á þeim tíma sem engar þotur eru hér á landi í loftrýmsgæslu, geta flugherir grannríkja Íslands brugðist við eftir atvikum samkvæmt mati herstjórnar Atlantshafsbandalagsins.

Þetta er meðal þess sem fram kemur í svörum utanríkisráðuneytisins til Fréttablaðsins um loftrýmsgæslu á Íslandi í kjölfar fréttu af kínverskum njósnabelg og öðrum belgjum í lofthelgi Bandaríkjanna.

Bandalagsríki skiptast á að sinna loftrýmsgæslu hér á landi. Segir ráðuneytið að það sé herstjórnar bandalagsins að meta hvernig brugðist sé við óauðkenndum loftförum í lofthelgi Íslands. ■

## Aðeins undanþágubensín í Fellsmúla



Leigubílstjórar eru á undanþágu frá verkfallsaðgerðum Eflingar og því ákváðu forsvarsmenn Skeljungs að loka bensinstöðinni í Fellsmúla fyrir öllum öðrum síðdegis í gær. Mikið hefur verið að gera á bensinstöðvum á höfuðborgarsvæðinu vegna verkfallsaðgerða olíubílstjóra.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Nóg bensín til á höfuðborgarsvæðinu

odduraevar@frettabladid.is

**KJARAMÁL** Þórður Guðjónsson, forstjóri Skeljungs, segir að líklega muni fyrstu bensinstöðvar á höfuðborgarsvæðinu tæmast í dag, vegna verkfalls olíubílstjóra Eflingar þar sem tankpláss sé takmarkað.

Þórður sagði á Fréttavaktinni á Hringbraut í gærkvöldi að mikilvægt sé að fólk haldi ró sinni. Mikið hefur borið á að fólk hafi hamstrað eldsneyti. Hefur Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins hvatt fólk til að geyma bensín ekki í heimahúsum vegna mikillar eldhættu.

„Það munu stöðvar tæmast á fyrstu tveimur, einum sólarhringnum, það liggur alveg ljóst fyrir, þar sem tankpláss á þessum stöðum er takmarkað. Það er hins vegar nóg



Þórður Guðjónsson forstjóri Skeljungs

eldsneyti á höfuðborgarsvæðinu og fólk þarf ekkert að panikka.“

Þórður segir ljóst að haldi aðgerðir áfram muni aðgengið verða takmarkaðra að eldsneyti á höfuðborgarsvæðinu strax næstu daga.

„Svo mun þetta bara halda áfram að bita og bita eftir því sem fleiri stöðvar tæmast.“

Á vef Fréttablaðsins má fylgjast með stöðunni á bensinstöðvum. ■

## Leðurblökuveira breiðir út vængina í Miðbaugs-Gíneu

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO, lýsti yfir áhyggjum af fréttum um útbreiðslu Marburg-veirunnar í Miðbaugs-Gíneu í vikunni. Smit hafa komið upp í Kamerún en smitsjúkdómalæknir hjá Embætti landlæknis segir þetta náskyld ebóluveirunni.

kristinnpall@frettabladid.is

**HEILBRIGÐISMÁL** „Þetta er veira sem er frekar náskyld ebólu og nafnið kemur frá því að það tókst fyrst að einangra hana á rannsóknarstofu í Marburg í Þýskalandi,“ segir Kamilla Sigríður Jósefsdóttir, smitsjúkdómalæknir á sviði sóttvarna hjá Embætti landlæknis.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO, hefur lýst áhyggjum af því að nýr faraldur sé að brjótast út í Miðbaugs-Gíneu.

Búið er að staðfesta að einn einstaklingur lést af völdum veirunnar í Kie Ntem-héraðinu í Miðbaugs-Gíneu og er grunur um að átta manns til viðbótar hafi látist úr veirunni. Þá hafa 16 aðrir kvartað undan einkennum sem geta í alvarlegustu tilvikum leitt til blæðandi uppkasta og niðurgangs.

„Einkennin eru svipuð og í ebólusmitum. Það geta verið flensulík einkenni, hiti, höfuðverkur, uppköst og niðurgangur. Þeir sem verða alvarlega veikir geta fengið alvarlegri tilvik, blæðandi hitasóttarútkomur.“

Í yfirlýsingu frá WHO var yfirvöldum í Miðbaugs-Gíneu hrósað fyrir viðbrögð sín. Talið er að búið sé að finna tvö tilfelli í Kamerún en til þessa hefur oftast tekist að tempru faraldurinn strax í byrjun. Mannskæðustu faraldrarnir áttu



Talið er að Marburg-veiruna megi rekja til ávaxtaleðurblakna.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Kamilla Sigríður Jósefsdóttir, smitsjúkdómalæknir

sér stað í Kongó rétt fyrir aldamót þegar 128 létust af völdum Marburg og þegar 329 létust í Angóla frá 2004 til 2005.

„Það hafa áður komið upp litlir faraldrar á afskekktum stöðum þar sem tókst að hamla útbreiðslu með því að loka landsvæðum eða að smitandi einstaklingar komust ekki burt vegna vöktunar á einkennum. Í dag eru ekki til neinar meðferðir eða bóluefni en á neyðarfundi WHO í vikunni voru mögulegir kandidatar ræddir,“ segir Kamilla og heldur áfram:

„Auðvitað eru ekki allir sem verða alvarlega veikir en stór hluti verður veikur. Um tíma var dánarhlutfall ebólu um 80 prósent, sennilega af því að vægari tilfelli greindust ekki, en er mun lægra í dag þegar það eru komnar bólu-setningar og meðferðir. Marburg ætti að vera á svipuðum slóðum, en við vitum það ekki fyrir víst því við vitum ekki hvort það séu mörg vægari tilfelli.“

Embætti landlæknis er ekki að vakta stöðuna enda Marburg aðeins búið að greinast í tveimur Afríkulöndum en sérfræðingar eru tilbúnir að aðstoða ef Íslendingar á svæðinu eða á leiðinni á þetta svæði koma með spurningar.

„Við erum ekki að leggja mikla áherslu á að fylgjast með þessu enda ekki komið á það stig að þetta varði heimsbyggðina. Þá myndum við fara að fylgjast með.“ ■

Myndlistarsjóður

## Opið er fyrir umsóknir í myndlistarsjóð

Sjóðurinn veitir styrki til:

- undirbúnings
- sýninga
- útgáfu, rannsókna og annarra verkefna

Umsóknarfrestur er til kl. 16.00 mánudaginn 20. febrúar 2023

Leiðbeiningar, umsóknarform og reglur má finna á [myndlistarsjodur.is](http://myndlistarsjodur.is) Úthlutað verður í marsmánuði.

Veittir verða styrkir að lágmarki 300.000 kr. og hámarki 3.000.000 kr. Næsti umsóknarfrestur er 21. ágúst.

# RAFBÍLAR SEM HAFNA SANNANÐ SIG

Fyrir íslenskar  
aðstæður

Við bjóðum ykkur velkomin á glæsilegt plan **K7**, þar sem bílarnir okkar eru **yfirfarnir** og **ástandsskoðaðir**.



Rnr. 140050

**JAGUAR I-Pace EV320 S**  
Nýskr. 08/21, ekinn 13 þ.km,  
rafmagn, sjálfskiptur.

**VERÐ:**  
**10.590.000 kr.**



Rnr. 149869

**RENAULT Zoe Intens 52kWh**  
Nýskr. 09/20, ekinn 25 þ.km,  
rafmagn, sjálfskiptur

**VERÐ:**  
**4.190.000 kr.**



Rnr. 149875

**NISSAN Leaf Tekna 40kWh**  
Nýskr. 02/21, ekinn 12 þ.km,  
rafmagn, sjálfskiptur.

**VERÐ:**  
**4.990.000 kr.**



Rnr. 410353

**MG ZS EV Luxury 44kWh**  
Nýskr. 08/21, ekinn 24 þ.km,  
rafmagn, sjálfskiptur.

**VERÐ:**  
**4.690.000 kr.**



Rnr. 334429

**NISSAN Leaf N-Connecta 62kWh**  
Nýskr. 08/22, ekinn 4 þ.km,  
rafmagn, sjálfskiptur.

**VERÐ:**  
**5.980.000 kr.**



Rnr. 140090

**RENAULT Zoe Intens 40kWh**  
Nýskr. 10/18, ekinn 44 þ.km,  
rafmagn, sjálfskiptur.

**VERÐ:**  
**2.990.000 kr.**



Rnr. 149877

**NISSAN Leaf N-Connecta 40kWh**  
Nýskr. 12/20, ekinn 10 þ.km,  
rafmagn, sjálfskiptur.

**VERÐ:**  
**4.790.000 kr.**



Rnr. 261642

**MG ZS EV Luxury 44kWh**  
Nýskr. 04/22, ekinn 7 þ.km,  
rafmagn, sjálfskiptur.

**VERÐ:**  
**4.990.000 kr.**



Rnr. 149926

**NISSAN Leaf N-Connecta 40kWh**  
Nýskr. 01/19, ekinn 30 þ.km,  
rafmagn, sjálfskiptur.

**VERÐ:**  
**3.990.000 kr.**



Rnr. 140077

**RENAULT Kangoo Express Z.E. 33kWh**  
Nýskr. 04/18, ekinn 33 þ.km,  
rafmagn, sjálfskiptur.

**VERÐ:**  
**3.290.000 kr.**



Rnr. 149451

**JAGUAR I-Pace EV400 S**  
Nýskr. 04/20, ekinn 17 þ.km,  
rafmagn, sjálfskiptur.

**VERÐ:**  
**9.990.000 kr.**



Rnr. 149498

**BMW iX xDrive40 Sport Pakki**  
Nýskr. 07/22, ekinn 2 þ.km,  
rafmagn, sjálfskiptur.

**VERÐ:**  
**13.990.000 kr.**

OPNUNARTÍMI:  
Mánudaga 10-18, þriðjud.-fimmtud. 9-18,  
föstudaga 9-17, laugardaga 12-16

Bílaland og Hyundai, notaðir bílar  
**K7** - Krókhálsi 7, 110 Reykjavík  
Sími: 525 8000 - bilaland@bilaland.is

**bílaland**

www.facebook.com/bilaland.is

# Funduðu í húsakynnum ríkissáttasemjara fram á kvöld í gær

gar@frettabladid.is

**KJARAMÁL** Samninganefndir Samtaka atvinnulífsins og Eflingar voru deginum í gær við fundahöld í húsakynnum ríkissáttasemjara. Hlé var gert á fundum síðdegis en þeir hófust aftur klukkan átta.

„Við erum að reyna að gera það sem hægt er til þess að reyna að koma á eiginlegum kjarasamningsviðræðum,“ sagði Ástráður Haraldsson, settur ríkissáttasemjari,

í gær um viðræðurnar fram að fundarhléinu.

„Það á að ræða saman eitthvað inn í kvöldið til þess að átta sig á því hvort grundvöllur sé til að halda kjarasamningsviðræðum áfram,“ sagði Eyjólfur Árni Rafnsson, formaður SA, rétt áður en fundur hófust að nýju. Farið verði yfir ýmsa hluti í þeim tilboðum sem legið hafi á borðinu.

„Það er verið að reyna til þrautar hvort sjáist til lands,“ sagði Eyjólfur

”

Það er verið að reyna til þrautar hvort sjáist til lands.

Eyjólfur Árni Rafnsson, formaður SA

og ítrekaði að ekki yrði samið af hálfu SA á öðrum grundvelli en þegar hafi verið samið við önnur stéttarfélag. „Þetta er bara spurning um útfærslu innan þess.“

Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, sagði nýtt hljóð komið í deilurnar. Hún gekk ekki svo langt að segja vera bjartsýn en sagði að það væri gott að deiluaðilar væru í hið minnsta í Karphúsinu.

„Aðgerðir okkar virðast í hið minnsta hafa skilað þeim árangri

að gera deiluaðilum í SA það ljóst hve mikilvægt Eflingarfolk er í samfélaginu,“ segir Sólveig Anna, sem segir það opinbera hve réttmætar kröfur Eflingar hafi alltaf verið.

Nú eru alls um 800 hótélstarfsmenn og um 70 oliubilstjórar sem taka þátt í verkfalli Eflingar. Í dag hefst atkvæðagreiðsla um verkfall um 1.700 Eflingarmanna til viðbótar. Er það starfsfolk á hótélum, í ræstingum og í öryggisgæslu. ■



Sandurinn á það til að setja ljótan svip á götur borgarinnar þegar tekur að vora. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Vilja hætta að sanda göturnar

kristinnpall@frettabladid.is

**REYKJAVÍK** Búið er að dreifa um 45 tonnum af sandi á götur Reykjavíkurborgar það sem af er vetri, sem er mun minna en síðastliðin ár. Það er hluti af markmiðum borgarinnar að minnka sandnotkun.

Þetta kom fram í svari Reykjavíkurborgar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins.



## Búið að dreifa 45 tonnum af sandi í vetur í fjórum umferðum.

Í svarinu kemur fram að borgin hafi hætta að dreifa sandi á stofn- og hjólastígum og dreift sandi fjórum sinnum á stíga í þjónustuflokki 3 það sem af er vetri.

Það sé vilji borgarinnar að halda áfram þar sem þetta hafi komið vel út og markmiðið sé að draga alveg úr sandnotkun á stígum þar sem það komi betur út þegar borgarlandið komi undan vetri. ■

# Umhverfisráðherra segir að erlend flugfélög gætu haft Ísland undir

Guðlaugur Þór Þórðarson segir að bréf Katrínar Jakobsdóttur til Ursulu von der Leyen um aðstæður Íslendinga líkt og aðrar áherslur íslenskra stjórnvalda miði að því að jafna samkeppnisstöðu íslenskra flugfélaga.

bth@frettabladid.is

**UMHVERFISMÁL** Óskir íslenskra stjórnvalda um að horft verði til hagsmuna Íslendinga er kemur að losunarskatti á millilandaflug hafa ekki leitt til niðurstöðu. Óskirnar hafa komið fram í bréfaskriftum Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra og Ursulu von der Leyen, forseta framkvæmdastjórnar ESB. Ekki er um að ræða að Ísland njóti sérstakra forréttinda í mengunarmálum að sögn umhverfisráðherra. „Í meginatriðum snýst málið um að íslensk flugfélög starfi á jafnræðisgrundvelli við erlend flugfélög í því kerfi sem við búum við,“ segir Guðlaugur Þór Þórðarson.

„Ef ójafnræði ríkir milli íslenskra flugfélaga og erlendra flugfélaga minnkar flugið í kringum Ísland ekki neitt. Það breytist bara þannig að íslensk flugfélög detta úr leik,“ bætir hann við.

Fram hefur komið að Ursula hefur ritað svarbréf við bréfi Katrínar. Ekki liggur fyrir hvaða afstaða kemur fram í svarinu. Íslensk stjórnvöld hafa synjað Fréttablaðinu um aðgang að bréflugu svari Ursulu.

Guðlaugur Þór segir málið fyrst og fremst á forræði utanríkisráðuneytisins. Af máli hans má skilja að ráðherrar ríkisstjórnarinnar séu einhuga um hagsmunabaráttuna.

„Við þurfum ekkert að skammast



okkur fyrir að benda á að fyrirhuguð reglugerð ESB um losunarskatt af flugi kunni að mismuna löndum. Við erum eyja í Atlantshafinu og ef ný reglugerð þýðir að ekki verði hægt að reka íslensk flugfélög þá er það ekki léttvægt mál,“ segir Guðlaugur Þór.

Amerísk eða bresk flugfélög eftir Brexit gætu svo eitt sé nefnt haft íslensku flugfélögin undir í Íslandsfluginu að sögn Guðlaugs Þórs ef Ísland muni ekki njóta skilnings.

„Þetta mál snýst alls ekki um að Ísland verði stíkkfritt,“ segir Guðlaugur Þór. Hann bætir við að það myndi ekki bæta loftslagið í heiminum neitt ef umferð yrði sú sama yfir landinu en allt flugið færðist yfir í hendur erlendra félaga.

„Við erum ekkert að gefa eftir í loftslagsmálunum. Við von-

”

Ef ójafnræði ríkir milli íslenskra flugfélaga og erlendra flugfélaga minnkar flugið í kringum Ísland ekki neitt. Það breytist bara þannig að íslensk flugfélög detta úr leik.

Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfisráðherra

umst til að geta verið í fararbroddi þegar kemur að umhverfisvænu eldsneyti á flugvélar og margt jákvætt er að gerast, en við þurfum skilning á að að íslensk félög geti keppt á jafnræðisgrundvelli.“

Umhverfisráðherra segir ótímabært að spá fyrir um lyktir málsins. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur ESB ekki gefið nein skýr svör um að sambandið muni fallast á rök Íslands sem bundið er upptöku tilskipana ESB með EES-samningnum.

„Það eru mjög miklir hagsmunir undir, allir eru að passa sitt. Heimurinn er að ganga í gegnum gríðarlegar breytingar en það fylgir engin handbók hvernig best sé að vinna að þeim breytingum. Álitafni eru mörg,“ segir Guðlaugur Þór Þórðarson. ■

Framkvæmdastjórn ESB og íslensk stjórnvöld standa í deilu um hvort horft verði til hagsmuna Íslendinga í millilandaflugi er kemur að losunarmálum. Staða Icelandair gæti að óbreyttu veikst.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
ANTON BRINK

## Hvað er að fréttu?

Þú finnur allar nýjustu fréttir dagsins á [frettabladid.is](http://frettabladid.is). Innendar og erlendar fréttir, léttar fréttir, íþróttaréttir, viðskiptaréttir, skoðanapistla, spottið og auðvitað blað dagsins ásamt eldri blöðum.



Skannaðu kóðann

frettabladid.is



# Allt fyrir helgina!

Tilboð gilda 16.–19. febrúar

**Kjúklinga-  
bringur**  
Gæðafæði

**1.291** kr/kg  
~~1.899~~ kr/kg



KJÖTBORD



Grisapurusteik,  
beinlaus

**1.495** kr/kg  
~~1.869~~ kr/kg

KJÖTSEL



Nautastrimlar, fajitas

**2.269** kr/kg  
~~3.029~~ kr/kg



Jarðarber,  
Driscoll's, 300 g

**899** kr/pk

KJÖTSEL



Baunasúpa með  
saltkjöti, 1 l

**1.327** kr/pk  
~~1.659~~ kr/pk

KJARNAFÆÐI



Saltkjöt, blandað

**1.615** kr/kg  
~~2.019~~ kr/kg

KJARNAFÆÐI



Saltkjöt, ódýrt

**815** kr/kg  
~~1.019~~ kr/kg

Apptilboð - afsláttur í formi inneignar

ÍSFLUGL




Helgarsteik,  
kalkúnalæri með beini



STJÖRNU  
GRIS



Kjöttbollur í karrísósu



Safnaðu  
inneign og  
fáðu betra  
verð á  
matvöru með  
Samkaupa-  
appinu

nettó

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

## Þörf á bættu fjarskiptasambandi

kristinnpall@frettabladid.is

**FJALLABYGGÐ** Bæjarráð Fjallabyggðar tók undir áhyggjur slökkviliðsstjóra sveitarfélagsins af slæmu fjarskiptasambandi á svæðinu og fól bæjarstjóra að ræða við fjarskiptafyrirtæki og Vegagerðina um úrbætur. Áður var slökkviliðsstjóri sveitarfélagsins búinn að lýsa yfir áhyggjum af stöðunni. Í skýrslu slökkviliðsstjóra kemur fram að það sé slæmt fjarskiptasamband á ákveðnum svæðum innan Fjallabyggðar sem eigi það sameiginlegt að fjöldi fólks fer um þau. Komi til þess að fólk þarfnist aðstoðar geti verið erfitt að óska eftir henni og nefndi Jóhann K.



Sigríður Ingvarsdóttir, bæjarstjóri Fjallabyggðar

Jóhannsson slökkviliðsstjóri sérstaklega skíðasvæðið í Skarðsdal sem er að hluta til á snjóflóðahættusvæði. Fjarskiptasambandið við skíðaskálann sé lélegt og ekkert samband þegar ofar dregur. Árið-andi sé að þarna sé gott samband enda oft margir saman komnir á svæðinu. ■



Stefna að fundi til að leysa vargöldina í sveitum. FRÉTTABLAÐIÐ/MAGNÚS HLYNUR

## Ágangur sauðfjár óljós

kristinnhaukur@frettabladid.is

**LANDBÚNAÐUR** Samband íslenskra sveitarfélaga hefur sent minnisblað til sveitarfélaga vegna svokallaðra ágangsmála. Bæði umboðsmaður alþingis og dómsmálaráðuneytið hafa ályktað gegn leiðbeiningum innviðaráðuneytisins um ágang sauðfjár og skyldu til að smala. Telur sambandið óljóst hvað sé ágangur sauðfjár sem réttlætir skylduna.

Í minnisblaði sambandsins segir að lögin séu ekki nægilega hnitmiðuð, til dæmis varðandi fjölda fjár og hvort verið sé að valda tjóni.

„Stakar kindur sem ekki valda verulegu tjóni ættu því ekki að mynda skyldu til smölunar við slíkar aðstæður,“ segir í minnisblaðinu.

Þá er nefnt að kostnaðarskipting smölunar milli ríkis og sveitarfélaga sé óljós og að smölun sé íþyngjandi aðgerð fyrir þann sem á búfenaðinn.

Árekstrar verða sífellt meira áberandi vegna lausagöngu og ágangs, eins og milli fjárbænda og ferðaþjónustu- eða skógræktarbænda.

Samkvæmt lögum eiga sveitarfélög og lögregla að sjá um smölun á ágangsfé en lengi vel voru leiðbeiningarnar á þá leið að jarðar-



**Stakar kindur sem ekki valda verulegu tjóni ættu því ekki að mynda skyldu til smölunar við slíkar aðstæður.**

Samband íslenskra sveitarfélaga

eigendur þyrftu að girða og „friða“ jarðir til að njóta verndar. Sú túlkun er í stjórnsýslulegu uppnámi eftir ályktanirnar tvær í vetur.

Samband íslenskra sveitarfélaga stefnir að því að funda með ráðuneytum, Bændasamtökunum og fleirum á næstu vikum. Endurskoða þurfi lög um afréttarmálefni til að uppfylla nútímavíðmið. Það gildi um gjalddöku og skyldu fólks til að sitja í upprekstrarfélögum. Fréttablaðið hefur fjallað um mál jarðeigenda sem halda ekki kindur en er þó gert skylt að greiða í slík félög og sums staðar fara í göngur. ■



Frá 2015 hafa bilatryggingar hækkað um 57 prósent.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Brýn þörf á auknu gegnsæi

Stjórnámálamenn á Íslandi gagnrýna hækkanir iðgjalda og segja oft erfitt að nálgast upplýsingar um kostnað trygginga. Framkvæmdastjóri Varðar segir að þingmenn virðist almennt ekki hafa mikinn áhuga á tryggingamarkaðnum.

helgisteinar@frettabladid.is

**TRYGGINGAR** Gagnrýnisráddir heyrast frá bæði stjórnámálönnum og talsmönnum tryggingafélaga um samskiptaleyfi þegar kemur að íslenskum tryggingamarkaði. Þingmenn segjast ekki skilja fordæmalausán hagnað tryggingafyrirtækja og félögin hafa eins sakað stjórnvöld um aðgerðarleysi.

Rúmlega helmingur allra iðgjalda tryggingarfélaga á Íslandi má rekja til ökutækjatrýgginga og frá árinu 2015 hafa þau gjöld hækkað um 57 prósent. Að sama skapi hafa skaðatryggingar hækkað um 38 prósent og vísitala neysliverðs um 27 prósent.

Ágúst Bjarni Garðarsson, þingmaður Framsóknarflokksins, segir það sláandi hve mikill hagnaður hafi verið á meðal tryggingafyrirtækja á Íslandi undanfarin ár. Hann segir að brýn þörf sé á auknu gegnsæi þegar kemur að tryggingarstarfsemi.

„Þau gögn sem ég hef fengið og skoðað benda öll til þess að bilatryggingar hafi hækkað umfram verðlagshækkanir og jafnvel líka líf- og sjúkdómatryggingar. Við sjáum það að árið 2017 var hagnaður þessara fyrirtækja rúmur átta milljarðar og árið 2021 var sú tala komin upp í rúma 28 milljarða.“

Hann vitnar í þá staðreynd að fækkun hafi orðið á tjönnum á



**Árið 2017 var hagnaður þessara fyrirtækja rúmur átta milljarðar og árið 2021 var sú tala komin upp í rúma 28 milljarða.**



Ágúst Bjarni Garðarsson, þingmaður Framsóknarflokksins.

tímum heimsfaraldursins þar sem fólk var minna á ferðinni. „Þetta er ég að skoða. Aftur á móti spyrja menn sig hvað skýrir þá þessar miklar hækkanir á þeim tíma.“

Ágúst gagnrýnir einnig breytingu tryggingafyrirtækja frá því að vera einfalt fyrirtæki sem selur viðskiptavinum vernd og yfir í það að vera fjárfestingarfélag. Hann vill fá að vita hvort bótasjóðir séu notaðir til fjárfestinga.

Björn Levi Gunnarsson, þingmaður Pírata, hefur einnig gagnrýnt gegnsæisleysi tryggingarfélaga þegar kemur að verðskrá og segir litið sem ekkert eftirlit vera á starfsemi fyrirtækjanna. Hann segir að ekki sé hægt að vita hvort mismunur eigi sér stað út af ómálefnalegum þáttum.

Sigurður Óli Kolbeinsson, framkvæmdastjóri váttryggingasviðs Varðar, segist skilja þessi sjónar-

mið og að tryggingamarkaðurinn sé flókið fyrirbæri. Hann segir hagnað tryggingarfélaga vera fyrst og fremst sveiflukenndan þar sem hann snýst um tíðni tjóna, meðalþjóns og afkomu fjárfestingastarfsemi.

„Fólk hefur tilhneigingu til að horfa bara á tölur en það þarf að sjá hlutina í samhengi við reksturinn sem framleiðir hagnaðinn og peningana sem eru bundnir í starfsemi. Stundum koma líka ár þar sem hagnaður af tryggingarstarfsemi er mikill og stundum er hann lítill. Því þarf að meta þetta yfir lengri tíma en bara eitt ár í senn.“

Sigurður bendir á að tryggingarfélögum ber skylda til að fjárfesta og ávaxta peninga á fjármálamarkaði þar sem fyrirtækin geyma mikið fjármagn fyrir framtíðargreiðslum tjóna. Hann segir að skyldu tryggingarfélög ekki fjárfesta myndi það koma niður á neytendum í formi hærri iðgjalda.

Í tengslum við verðskrár segir Sigurður að verðlagning trygginga sé oft flókin þar sem margir þættir hafa áhrif á iðgjöld hvers og eins. Það sé því í raun ekki til nein verðskrá til að birta. Hins vegar segir hann að viðskiptavinir geti í auknum mæli fengið tilboð á netinu og þannig sé verð og borið saman. Sigurður segir að það yrði óheppilegt að birta alla verðskrá þar sem verðlagningin er mjög stór þáttur í aðgreiningu og samkeppni á tryggingamarkaði og það væri ekki neytendum til gagnsæi ef eitt félag veit nákvæmlega hvernig annað félag verðleggur sínar tryggingar.

„Stjórnámálamenn virðast almennt ekki hafa mikinn áhuga á tryggingamarkaðnum, en ef menn vildu í alvörinni reyna að lækka tryggingar á Íslandi þá þarf að skoða bótaskerfið,“ segir Sigurður. ■

## Fréttablaðsvefurinn fimm ára og með sífellt fleiri lesendum

ritstjorn@frettabladid.is

**FJÖLMIDLAR** „Ánægjulegast er að sjá að vefur Fréttablaðsins hefur unnið sér fastan sess hjá æ fleiri landsmönnum, svo sem sjá má af stóruáskningu aðsókn,“ segir Sigmundur Ernir Rúnarsson, ritstjóri Fréttablaðsins.

Vefur Fréttablaðsins, frettabladid.is, hefur nú verið við lýði í fimm ár.

Vefurinn var formlega opnaður 15. febrúar 2018 eftir að rekstur Fréttablaðsins annars vegar og Stöðvar 2, Bylgjunnar og Vísis hins vegar var skilinn að í Torg og Sýn sem nú eru keppinautar.

Nýr vefur Fréttablaðsins var strax lesinn af tugþúsundum, en sérstada hans varð meðal annars sú að pappírsútgáfa blaðsins varð þar aðgengi-



**Við ætlum að gera miklu betur á næstu árum.**

Sigmundur Ernir Rúnarsson, ritstjóri Fréttablaðsins

leg öllum þeim sem vildu kynna sér efni blaðsins í þaula.

„Á þessum árum hefur frettabladid.is orðið að einum vinsælasta fréttavef landsins og er núna með á annað hundrað þúsund heim sóknir á hverjum degi,“ segir Sig-



Fjölbreyttur hópur fólks starfar á ritstjórn Fréttablaðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

mundur Ernir, en ástæðuna segir hann vera fjölbreytt efni vefsins og fagmannlega skrifaðar fréttir, viðtöl og áhugavert efni af öllu tagi sem speglar samfélagið í hita augnabliksins og þá heimsmynd sem blasir við hverju sinni.

„Núna, eftir að breyting varð á dreifingu blaðsins, skoða æ fleiri það á netinu – og fletta því rafrænt á morgnana – og þar eignum við mikið inni,“ bætir ritstjórninn við.

„Það er kúnt að halda úti þróttmiklum fréttavef, en blaðamenn okkar eru með puttann á púlsinum – og ég tala fyrir mun allra þeirra þegar ég segi að við ætlum að gera miklu betur á næstu árum,“ segir Sigmundur Ernir á fimm ára afmælisdegi vefsins frettabladid.is. ■




# MEGA VIKA



1890 kr.



Í APPI OG Á DOMINOS.IS  
ALLAR PIZZUR AF MATSEÐLI, EF ÞÚ SÆKIR



Gæsirnir komast ekki í sitt fæði ef jörð er frosin. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Sveitarfélög verði að aðstoða fugla

kristinnpall@frettabladid.is

**DÝRAVERND** Dýraverndarsamband Íslands sendi fyrir helgi áskorun á öll sveitarfélög landsins um að koma villtum fuglum og öðrum dýrum til aðstoðar með föðurgjöf þar til fari að hlýna. Veðráttan geri að verkum að fuglarnir komist ekki í fæðu og að mörg dýr séu að glíma við máttleysi sökum hungurs og kulda.

Dýraverndarsambandið benti á að á höfuðborgarsvæðinu væru grágæsir illa staddar þar sem þær væru háðar föðurgjöfum þegar frost væri í jörðu, sem kemur í veg fyrir að gæsirnir geti nærst á túnnum og grasflötum. Umræddur stofn, titladur Reykjavíkurgæsir, haldist við á Íslandi og eru um þúsund fuglar í honum. Það sé samkvæmt lögum skylda að aðstoða dýr í neyð og það sé á ábyrgð sveitarfélaga ef um villt dýr er að ræða. ■



Qair keypti í Íslenska vetnisfélaginu.

## Vetnisstöðvum fjölgað að mun

ser@frettabladid.is

**SAMGÖNGUR** Franska fyrirtækið Qair hefur keypt helmingshlut Orkunnar í Íslenska vetnisfélaginu og hyggjast forkólfar þess byggja upp fleiri vetnisstöðvar á landinu.

Ætlunin er að fjölga vetnisstöðvum félagsins úr tveimur í sex – og segir á vef Félags íslenskra bifreiðaeigenda að þá verði hægt að fylla á vetnisbíla hringinn í kringum Ísland.

Margir bílaframleiðendur hafi sýnt vetnistækninni áhuga og sé von á fjölda nýrra gerða vetnisbíla á komandi árum. ■

# Hörmuleg áhrif Brexit skýri aukna jákvæðni hér gagnvart aðild að ESB

Öryggis- og efnahagsmál vega þungt í snúningi á viðhorfum Íslendinga gagnvart aðild að ESB. Ekki slembisveifla að sögn stjórnmálafræðinga.

bth@frettabladid.is

**STJÓRN MÁL** „Fólk leggur saman tvo og tvo og finnur út að þetta sé fórnarkostnaðurinn við íslensku krónuna,“ segir Breki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna, um að æ fleiri Íslendingar vilja samkvæmt könnunum upptöku evru hér á landi.

Sveiflurnar í íslenska hagkerfinu eru svo miklar að jaðrar við firringu að sögn Breka. Hann segir að Neytendasamtökin sjái æ fleiri dæmi þess að heimilin séu að sligast.

„Það má líkja hagkerfinu hér á landi við alkóhólistahagkerfi þar sem þjóðin er meðvirk. Við elskum þegar alkóhólistinn þússar skóna, hnytir reimarnar og býr sig undir ballið, því við ætlum að taka þátt í djamminu. En við vitum um leið að stofuhúsgögnin munu brotna seinna um nóttina og það þarf að taka til á morgun í þynnukunni.“

Stuðningur við upptöku evru hér á landi mælist nú 52,2 prósent og þykir saga til næsta bæjar. Stjórnmálafræðingar segja marktæka viðhorfsbreytingu hafa orðið. Öryggismál, Brexit og efnahagsmál eru nefnd sem skýringar.

Ólafur Þ. Harðarson, prófessor í stjórnmálafræði, segir að nokkrar kannanir í röð hafi niðurstaðan orðið sú að Íslendingar sem vilji ganga í ESB séu fleiri en hinir sem vilja það ekki.

„Þetta er breyting, því síðan Ice-save kom upp hafa andstæðingar verið fleiri en fylgjendur,“ segir Ólafur.

Engin ástæða er til að ætla að um slembisveiflu sé að ræða að sögn Ólafs. Raunveruleg sveifla á viðhorfum sé í gangi en óvist hvort hún haldi.

„Að yfir helmingur vilji taka upp evru er mjög athyglisverð niðurstaða.“

Ólafur segir til skýringar að sumir tali um aukinn áhuga á Evrópusamstarfi, aðrir ræði efnahagslega þætti. Hann telji Brexit kunna að hafa breytt viðhorfi Íslendinga til ESB.

„Það hefur komið í ljós að flest af því sem Brexit-sinnar héldu fram að myndi batna með útgöngu reyndist tóm vitleysa og hefur valdið Bretum miklum vandræðum. Fleiri og fleiri eru þeirrar skoðunar að Brexit sé einhver stærstu mistök sem stórbjóð hefur gert á síðari árum,“ segir Ólafur.



”

Flest af því sem Brexit-sinnar héldu fram að myndi batna með útgöngu reyndist tóm vitleysa.



Ólafur Þ. Harðarson, prófessor í stjórnmálafræði

”

Samfylkingin hefur sett ESB aftur á listann og flokkurinn stóreykur fylgi sitt.



Baldur Þórhallsson prófessor í stjórnmálafræði

Baldur Þórhallsson stjórnmálafræðiprófessor segir að viðsnúningur hafi orðið á viðhorfum Íslendinga til ESB-aðildar með innrás Rússa í Úkraínu. „Þá fóru fyrstu kannanir að sýna vaxandi stuðning við ESB-aðild,“ segir Baldur.

Efnahagsleg óvissa tengd Covid á einnig þátt að sögn Baldurs. Alþjóðlegur stuðningur við Evrópusamvinnu og Atlantshafsbandalagið hafi vaxið og þetta kunni að hafa haft áhrif á viðhorf Íslendinga.

Baldur segir athyglisvert að á sama tíma og aukin jákvæðni mælist gagnvart ESB sé lítil umræða meðal stjórnmálamanna um málið.

„Samfylkingin hefur sett ESB aftur á listann og flokkurinn stóreykur fylgi sitt.“

En á Baldur von á að Ísland gangi nokkru sinni í ESB eða taki upp evru?

„Það þarf mikið til.“ ■

Útganga Breta úr Evrópusambandinu er nefnd meðal skýringa á jákvæðari viðhorfum Íslendinga gagnvart upptöku evru og aðildar að ESB.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
GETTY

# Óttast ekki málsókn vegna riftunar vindmyllusamnings

kristinnhaukur@frettabladid.is

**ORKUMÁL** Katrín Sigurjónsdóttir, sveitarstjóri Norðurþings, segist ekki óttast málsókn frá vindorkufyrirtækinu Qair vegna riftunar samkomulags.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær sendi Qair harðort bréf til sveitarfélagsins eftir að byggðarráð tilkynnti riftun samkomulagsins, sem er frá mars árið 2021.

Qair ætlaði að reisa könnunarmastur sem undanfara mögulegs vindorkuvers nálægt Húsavík. Í bréfinu sakar Qair Norðurþing um að hafa rift samkomulaginu til þess að rýma fyrir sams konar vindorkuverkefni Landsvirkjunar.

„Ég óttast í sjálfa sér ekki málaferli, ekki á þessum tímapiunti,“



Katrín Sigurjónsdóttir sveitarstjóri Norðurþings

segir Katrín. „Það er ekkert sem ætti að kalla á þau núna. En maður getur aldrei sagt hvernig hlutirnir enda.“

Í bréfinu krefst Qair að ákvörðun Norðurþings verði upplýst að fullu og að félagið fái öll gögn. Þann 15. desember fól byggðarráð sveitarstjóra að ræða við Landsvirkjun um vindorkurannsóknir á sama svæði og Qair fékk. „Við munum afhenda allt sem okkur ber samkvæmt upp-



Vindmyllur eru að verða að miklu hitamáli á Íslandi.

MYND/ADSEND

lýsingalögum. Það þarf ekki að hafa áhyggjur af því,“ segir Katrín.

Byggðarráðið sleit samkomulaginu vegna meints aðgerðarleysis Qair. „Byggðarráð taldi ástæðulaust að halda áfram samstarfinu

við Qair. Það hafa ekki verið gerðar rannsóknir samkvæmt samkomulagi, það er vindafarsrannsóknir og fleira,“ segir Katrín.

Qair kveðst ekki hafa fengið nægan tíma fyrir rannsóknirnar.

„Samkomulagið var í gildi í tæp tvö ár. Það er þokkalegur tími,“ segir Katrín.

Nú er Norðurþing að fara yfir rök Qair. Sjálf segist Katrín koma ný að málinu, hún hafi tekið við stöðu sveitarstjóra í haust. Nýr meirihluti Sjálfstæðismanna og Framsóknarmanna tók við eftir kosningar. En samkomulag Norðurþings og Qair reyndist fyrri meirihluta Sjálfstæðisflokks, Samfylkingar og VG erfitt þar sem VG lagðist gegn því.

„Ég held að það hafi frekar verið samskiptaleysi,“ segir Katrín spurð hvernig samskipti sveitarfélagsins við Qair hafi verið á meðan samkomulagið var í gildi. Sjálf hafi hún ekki verið í neinum samskiptum við fyrirtækið fyrr en ljóst var að samkomulaginu væri slitið. ■





Haukur segir starfsmenn indó sitja sveitta við að taka á móti nýjum viðskiptavinum.

MYND/ADSEND

## Lítill yfirbygging lykill að því að geta boðið betri kjör

Framkvæmdastjóri indó segist ekki eiga orð yfir viðtökunum sem sparisjóðurinn hafi fengið fyrstu vikurnar. Hann segir hóflega yfirbyggingu lykilinn að því að geta boðið betri kjör í bankþjónustu á Íslandi. Yfir fimmtán þúsund manns hafa þegar opnað reikning hjá sjóðnum.

ggunnars@frettabladid.is

„Við fórum í loftið í lok janúar og það er eiginlega ekki hægt að segja annað en að viðtökurnar hafa farið fram úr okkar björtustu vonum,“ segir Haukur Skúlason, framkvæmdastjóri indó sparisjóðs.

Haukur segir annrikið hafa verið mikið hjá fyrirtækinu að undanförunu enda hafi 15 starfsmenn fyrirtækisins setið sveittir við að taka á móti alls 15 þúsund nýjum viðskiptavinum á fáeinum vikum.

„Við vissum ekkert við hverju var að búast þegar við hleyptum indó af stokkunum. Viðmiðin eru svo óljós í þessum bransa því það hefur ekki verið stofnað nýtt fjármálafyrirtæki á Íslandi frá árinu 1991.“

Reyndin hafi svo verið að starfsmenn hafi setið sveittir við simann í þjónustuverinu frá fyrsta degi.

„Þetta er bara ótrúlega skemmtilegt. Það skemmir aldrei fyrir að fá hraustlegan byr í seglin strax í upphafi,“ segir Haukur.

”

Við vissum ekkert við hverju var að búast þegar við hleyptum indó af stokkunum.

Haukur Skúlason, framkvæmdastjóri indó

Hjá indó býðst fólki að opna debetkortareikninga til að byrja með en Haukur segir að aukin þjónusta muni svo bættast við síðar á þessu ári. Viðskiptavinir indó geti því stundað öll helstu bankaviðskipti líkt og hjá öðrum bönkum um leið og reikningur þeirra er tilbúinn.

Haukur segist gera sér fulla grein fyrir því að fólk geti verið tregt til að hræra mikið í sinni bankþjónustu. Þess vegna sé ánægjan með viðtökurnar meiri en ella.

„Þetta er viðkvæm þjónusta og við berum mikla virðingu fyrir því. Við lögðum áherslu á að vanda allan undirbúning og þaulprófa ferla áður en við fórum í loftið. Síðastliðin fjögur ár, frá því fyrirtækið var stofnað, hafa miðað að því að allt yrði pottþétt þegar þjónustan

færi í loftið og engir sénsar teknir. Sú vinna hefur borið árangur og niðurstaðan er að fólk treystir okkur.“

Haukur segist alveg finna fyrir því að öflug innkoma indó sé farin að vekja athygli. Hann segist varla gera annað þessa dagana en að svara spurningum um tekjumódel fyrirtækisins.

„Tekjur indó eru auðvitað bara brotabrot af því sem gengur og gerist hjá hefðbundnum bönkum. En það sama gildir líka um kostnaðinn. Út á það gengur módelið. Við sjáum ekki fyrir okkur að starfsmannafjöldi indó þurfi að fara mikið yfir tuttugu manns. Yfirbyggingin verður smá í sniðum og við erum til að mynda ekki með nein útibú eða uppskrúfðan húsnæðiskostnað.“

Þannig segir Haukur að unnt sé að bjóða viðskiptavinum sparisjóðsins góð kjör.

„Við ætlum að bjóða upp á einfaldar en skýrar vörur. Sem standa öllum til boða. Við munum ekki bjóða upp á þrjátíu mismunandi tegundir af bankareikningum. Einfaldlega vegna þess að við teljum enga þörf á því,“ segir Haukur.

Adalatriðið að hans mati sé að nú séu að renna upp spennandi tímar í bankaviðskiptum á Íslandi. Aukin samkeppni og aðhald. Það í sjálfu sér sé heilmikill ávinningur.

„Ef indó getur verið lóð á þá vogarskál þá getum við í raun verið himinsæl,“ segir Haukur. ■

## Litlar kröfur um upplýsingagjöf

olafur@frettabladid.is

Hæstiréttur staðfesti í gær dóm Landsréttar um að ÍL-sjóði hafi verið heimilt að innheimta hátt uppgreiðslugjald á láni sem upphaflega var tekið hjá Íbúðalánasjóði 2008 þrátt fyrir að hvergi komi fram í skilmálum skuldabréfs hvernig uppgreiðslugjaldið sé reiknað út, eins og lög kveða á um.

Hæstiréttur, líkt og Landsréttur, kemst að þeirri niðurstöðu að lána- stofnun geti innheimt uppgreiðslugjald án upplýsingagjafar til lántakanda um útreikning þess, þrátt fyrir að lög kveði á um annað. Áður hafði héraðsdómur komist að andstæðri niðurstöðu. Evrópskir dómstólar virðast gera mun rikari kröfur um upplýsingagjöf lána- stofnana til

”

Það eru vonbrigði að ekki séu gerðar rikari kröfur um upplýsingagjöf lána- stofnunar eins og Íbúðalánasjóðs.



Jónas Fr. Jónsson, lögmaður

neytenda en Hæstiréttur og Landsréttur, þrátt fyrir að íslensk lög byggji að miklu leyti á evrópskri löggjöf í þessum efnum.

„Það eru vonbrigði að ekki séu gerðar rikari kröfur um upplýsingagjöf lána- stofnunar eins og Íbúðalánasjóðs en gerð sé krafa til neytenda um að kynna sér sérstaklega hvernig uppgreiðslugjald sé reiknað út þótt það ráðist af útlánsvöxtum lána- stofnunarinnar eins og þeir eru hverju sinni,“ segir Jónas Fr. Jónsson, lögmaður stefnenda í málinu.

Breki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna, segir dóminn vonbrigði og vont að lána- stofnanir geti innheimt hátt uppgreiðslugjald sem ekki sé stöð fyrir í lánasamningi. „Neytendavernd á fjármálamarkaði er í skötulíki,“ segir Breki. ■

**HYUNDAI**  
NOTAÐIR

# 4x4

MED ALLT  
AÐ 7 ÁRA  
ÁBYRGÐ!

Eigum nokkra nýlega fjór hjóladrífna Hyundai notaða á Krókhálsi 7, Reykjavík sem eru enn í ábyrgð. Komdu og gerðu frábær kaup!

**7** ÁRA  
Ábyrgð  
Framtíðin er örugg

**8** ÁRA  
Rafhlöðu  
ábyrgðartrygging

\*Hyundai býður eina víðtækustu ábyrgð sem til er. Ábyrgð á öllum nýjum Hyundai bílum er sjö ár/150.000 km akstur, hvort sem kemur á undan. Átta ár/160.000 km ábyrgð er á rafhlöðum. Staðbundnir skilmálar gilda. Kynntu þér allt um ábyrgðina á [hyundai.is](http://hyundai.is)



Rnr. 140080

**HYUNDAI Santa Fe IV Style**  
Nýskr. 07/21, ekinn 50 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur

**VERÐ:**  
**8.490.000 kr.**



Rnr. 432927

**HYUNDAI Tucson Style PHEV**  
Nýskr. 10/22, ekinn 3 þ.km,  
bensín/rafmagn

**VERÐ:**  
**7.990.000 kr.**



Rnr. 140059

**HYUNDAI Tucson Style MHEV**  
Nýskr. 08/21, ekinn 17 þ.km,  
bensín/rafmagn, sjálfskiptur

**VERÐ:**  
**7.490.000 kr.**



Rnr. 432944

**HYUNDAI Tucson Premium PHEV**  
Nýskr. 04/22, ekinn 8 þ.km,  
bensín/rafmagn, sjálfskiptur

**VERÐ:**  
**7.990.000 kr.**



Rnr. 149599

**HYUNDAI Santa Fe IV Premium**  
Nýskr. 08/18, ekinn 72 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur

**VERÐ:**  
**6.990.000 kr.**



Rnr. 433043

**HYUNDAI Tucson Premium**  
Nýskr. 06/20, ekinn 25 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur

**VERÐ:**  
**5.990.000 kr.**



Rnr. 140046

**HYUNDAI Tucson Comfort PHEV Panorama**  
Nýskr. 03/22, ekinn 9 þ.km,  
bensín/rafmagn, sjálfskiptur

**VERÐ:**  
**7.590.000 kr.**



Rnr. 370414

**HYUNDAI Tucson Classic MHEV**  
Nýskr. 06/21, ekinn 51 þ.km,  
dísil/rafmagn, sjálfskiptur

**VERÐ:**  
**5.390.000 kr.**

OPNUNARTÍMI:  
Mánud. 10-18,  
þriðjud.-fimmtud. 9-18,  
föstud. 9-17, laugard. 12-16

**Hyundai notaðir**

**K7** - Krókhálsi 7, 110 Reykjavík  
Sími 525 8000 - [bilaland@bilaland.is](mailto:bilaland@bilaland.is)

## Evrópuþjóðin

Sigmundur Ernir  
Rúnarsson  
ser  
@frettabladid.is

Íslendingar eru í æ ríkari mæli að átta sig á því að þeir eru Evrópuþjóð. Ekki svo að skilja að landafræðin hafi verið á reiki um langa hríð, heldur hafa landsmenn smám saman komist að því á hvaða menningarlega grunni þeir byggja samfélag sitt – og eins hvar hagsmunum þeirra er best fyrir komið.

Fyrir vikið birtist nú hver skoðanakönnunin af annarri sem sýnir annars vegar ótvíræðan stuðning við aðild að Evrópusambandinu og hins vegar ríkan vilja til að skipta út sveiflukenndri krónu fyrir langtum stöðugri gjaldmiðil á borð við evru.

Þessu valda hræringar af margvíslegu tagi. Og þar er fyrst til að taka að sú áratugalanga aðáun sem landinn sýndi öllu því sem amerískt var, er að breytast í vandlætingu og lítilsvirðingu. Fyrirmyndarríkið í vestri, kyndilberilýðræðis og mannréttinda, er að flýja af hólmi sinna megingilda, svo eftir stendur ofstækisfullt afturhald sem er að kljúfa þjóðina í herðar niður.

Og eimi enn eftir af einhverjum þeim rósrauða bjarma sem eyjarskeggjar hér við ysta haf sáu út við sjóndeildina í austri, er löngu slokknad á þeirri skýjaglennu. Rússneski björninn hefur á síðustu misserum sýnt úr hverju hann er gerður, en gerræðislegri verða ekki einræðis-tilburðir úr því gerska endemi.

Eftir stendur sterkasta lýðræðisbandalag jarðar sem heitir Evrópusambandið og hvíkar hvergi frá mannréttindum og kröfu um aukna hagsæld fólks og fyrirtækja.

Og kannski var það einmitt í heimsfaraldrinum sem æ fleiri Íslendingar fóru að átta sig á því hvar þeim er best borgið. Þeir áttuðu sig á því að samvinna Evrópuþjóða kemur þeim best. Og það er nokkuð sem Bretar eru líka að vakna upp við, með andfælum.

Stríðið í austanverðri álfunni leiddi þeim svo endanlega fyrir sjónir að það verður ekki lengur staðið hjá – og að hlutleysi er ekki afstaða, heldur undanhald.

Svo hefur heimastjórnin ekki hjálpað til. Þvert á móti. Æ fleiri landsmenn eru farnir að spyrja sig þeirrar eðlu spurningar hvort ráðamenn, allt í kringum Arnarhólinn, séu til þess hæfir að stjórna landinu. Fyrir utan þá spillingu sem iðulega er skrifað um í svörtum skýrslum Ríkisendurskoðunar eða annarra rannsóknarnefnda Alþingis, er niðurstaðan í huga svo ótal margra að efnahag landsmanna verði ekki við bjargandi með krónuna að gjaldmiðli.

Ekkert hefur leikið íslensk heimili jafn grátt og ónýtur gjaldmiðill – og auðvitað má það sama segja um íslensk fyrirtæki. Ólíkt heimilunum býðst þeim þó að flýja krónuna, sem þau gera auðvitað í æ ríkari mæli.

Já, er ekki bara verst að vera utangátta? ■

”  
Eftir stendur sterkasta lýðræðisbandalag jarðar sem heitir Evrópusambandið og hvíkar hvergi frá mannréttindum.

## HALLDÓR



## FRÁ DEGI TIL DAGS

gar@frettabladid.is

## Aftur að leigubílastöð

Bensinstöðin í Fellsmúla sem nú er starfrækt undir nafni Orkunnar er nú komin aftur til fortíðar með verkfalli olíuflutningabílstjóra úr röðum Eflingar. Nú fær þar enginn afgreiðslu nema bílstjóra frá leigubílastöðinni Hreyfli sem fengið hefur leyfi til eldsneytiskaupa frá undanþágunefnd Eflingar. Á þessu sama plani hefur Hreyfill ráðið ríkjum nánast frá alda öðli, að minnsta kosti svo lengi sem elstu menn muna og rak stöðin þar sjálf eldsneytissölu um langa hríð. Og nú er Hreyfill aftur allsráðandi á bensinstöðinni á planinu sínu – að minnsta kosti þar til verkfallinu lýkur.

## Sáttasemjari spreytir sig

Astráður Haraldsson, sem nú spreytir sig á að miðla málum milli Eflingar og Samtaka atvinnulífsins eftir að ríkissáttasemjari sprakk á limminu, virðist hafa tekið strax til óspilltra málanna og knúði deilendur til samtals í Karphúsinu. Fyrir fram hljómaði það eins og uppskrift að tímasóun því skilja mátti á forystufólki beggja vegna borðsins að þau myndu ekki hvika upp úr sinni skotgröf nema vera neydd þaðan með valdi eða samfélagið væri farið til andskotans og þjóðin farin á síðustu bensindropunum út á Keflavíkurflugvöll og þaðan úr landi þangað sem sólin skín. Og ef bensínið er búið má alltaf hringja bara á Hreyfil. ■

## Sammála eða ekki

Hafdís Hrönn  
Hafsteinsdóttir  
þingmaður  
Framsóknar

Þeir tímar sem við lifum á virðast kalla á það að skoðanir fólks þurfi allar að vera af einum meidi og helst þannig að allir geti fellt sig við þær.

En hvað ef ég er ekki sammála? Heilbrigð skoðanaskipti og rökræður um málefni samfélagsins eru það sem drífur áfram breytingar og snúast um að finna bestu mögulegu niðurstöðuna hverju sinni.

Ef allir væru sammála um eina ríkisskoðun á öllu – myndum við þá vera að sjá þær breytingar sem hafa átt sér stað í hinum ýmsu málefnum?

## Tökum samtalið

Við þurfum að eiga þetta samtal og þurfum að þora að eiga þessi skoðanaskipti og rökræður, því að mínu viti er ljóst að ef allir ætla að fella sig við sömu skoðanirnar og sömu sjónarmiðin, þá kafærum við framþróun í samfélaginu og það viljum við ekki.

Við þurfum að þora að vekja athygli á öðrum hlíðum umræðunnar, þora að taka rökræðuna og þora að skiptast á skoðunum um málefnið.

## Miðlum málum

Það er ekki til sá einstaklingur sem er sérfræðingur í öllu. Það hefur hingað til reynt ágætlega að miðla málum til að komast að heilbrigðri og skynsamari lausn og við ættum að vera að gera meira af því í staðinn fyrir að hugsa alltaf „min skoðun er rétt“.

## Skoðanaskipti eru góð

Skoðanaskipti og að hlusta á sjónarmið annarra eru alltaf af hinu góða. Með því að taka allar hlíðar umræðunnar og mætast á miðri leið tel ég að við komumst að niðurstöðu sem er til hagsbóta fyrir heildina.

## Fjarlægjum blöðkurnar frá augunum

Við megum ekki eingöngu horfa á verkefnið út frá sjónarhorni vagnhestsins – verum tilbúin að horfa til hlíðar og líta á það sem tækifæri til að vera víðsýnni. ■

”  
Við þurfum að þora að vekja athygli á öðrum hlíðum umræðunnar.

Alex og William  
manual hvíldarstólar

Alex manual með 20% afsl. 195.000 kr. William manual með 20% afsl. 215.000 kr.

**NYFORM**  
HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

# Nú kasta þeir til

## Af Kögunarhóli



Þorsteinn Pálsson

Dýrtíðin vex nú eins og áin Vimur, sem sagt er frá í Snorra-Eddu. Þegar Þór óð hana braut hún upp á öxl honum. Hann sá þá tröllkonu standa ofar tveim megin árinna „og gerði hún árvöxtinn“.

Til að stemma á að ósi tók Þór stein mikinn og „eigi missti hann þar er hann kastaði til“.

Fjármálaráðherra, seðlabankastjóri og leiðtogar vinnnumarkaðarins hafa mest um dýrtíðina að segja. Þeir kasta nú til. Hver þeirra sér hina gera dýrtíðarvöxtinn. Hnútukast þeirra stemmir þó ekki á að ósi.

### Pólitíkin

Það er rétt sem fjármálaráðherra segir að gjaldskrárhækkanir ríkisins eiga lítinn þátt í dýrtíðarvextinum.

Seðlabankastjóri og talsmenn atvinnulífsins fullyrða aftur á móti réttlæga að fjármálaráðherra orsaki þenslu með því að eyða um efni fram og færa skuldavandann yfir á næstu ríkisstjórn. Það gerir verðbólguvöxtinn meiri.

Vissulega þarf sterk pólitísk bein til að bregðast við og skýra út fyrir kjósendum að almenningur borgar

brúsann af slíkri fjármálastjórn með meiri verðbólgu í dag og hærri sköttum síðar.

Eins og sakir standa er pólitísk samsetning ríkisstjórnarinnar af veik til að geta sýnt þennan mikilvæga styrk.

### Vinnnumarkaðurinn

Það er þekkt lögmál að fari launa-hækkanir í þjóðarbúinu öllu fram úr framleiðnivexti þarf að leiða mismuninn út með verðbólgu.

Þó að kjarasamningar hafi verið hóflegir eftir sumum viðmiðum hafa þeir eigi að síður farið yfir þessi mörk. Þeir auka því dýrtíðarvöxtinn.

Tæpast verður þó sagt að óábyrg hugsun hafi legið að baki nýgerðum kjarasamningum. Hitt er að við þurfum að breyta forsendum í þjóðarbúskapnum svo að innleiða megi vinnnumarkaðsmódel um stöðugleika og haldbetri kaupmátt að norrænni fyrirmynd.

### Seðlabankinn

Fjármálaráðherra og forystumenn vinnnumarkaðarins gagnrýna hringlandahátt í málflutningi seðlabankastjóra. Hann hefur sannarlega veikt trúverðugleika bankans með hverfulum pólitískum yfirlýsingum. Það er þó ekki helsti vandi bankans í baráttunni við verðbólguna.

KlIPA Seðlabankans er sú að pólitíkin hefur ákveðið að þetta litla hagkerfi þurfi að nota fjóra ólíka gjaldmiðla. Seðlabankinn stýrir bara einum þeirra.



Fyrir vikið ná vaxtaákvæðanir hans bara til þeirra sem nota gömlu óverðtryggðu krónuna. Ungt fólk og lítil og meðalstór fyrirtæki eru þannig látin bera baggana fyrir hinn hluta þjóðarbúsins, sem notar ýmist verðtryggðar krónur, evrur eða dollara.

### Þversögn

Seðlabankinn þarf að hafa vextina tvöfalt eða þrefalt hærri en í grannlöndunum til að vinna gegn sama verðbólguþingi af því að pólitíkin leyfir honum ekki að hafa áhrif á allt þjóðarbúið, bara á hina smáu.

Þegar á skal að ósi stemma missir Seðlabankinn því, öfugt við Þór, þar er hann kastar til.

Þetta er svo ein af ástæðunum fyrir því að verðbólga á Íslandi er jafnhá og hjá þeim þjóðum, sem

glíma við ofurverðhækkanir vegna orkukreppu.

Satt best að segja erum við ein af fáum þjóðum, sem hefur haft meiri hag af Pútínstríðinu en óhag. Kaupmáttur útflutningstekna þjóðarbúsins hefur aukist. Samt er vaxandi viðskiptahalli, ríkissjóðshalli, gengisrýrnun, verðbólga og hærri vextir en í Evrópu.

### Kerfisbreytingar

Á verður ekki að ósi stemmd nema með róttækum ráðum. Að því leyti er þjóðin í sömu sporum og Þór þegar áin hafði vaxið honum í axlir.

Tvenns konar kerfisbreytingar eru brýnastar.

Fjölmyntakerfið er að reynast þjóðarbúinu jafn mikill fjötur um fót og fjölgengiskerfið, sem sjálfstæðismenn og alþýðuflokksmenn



Seðlabankinn þarf að hafa vextina tvöfalt eða þrefalt hærri en í grannlöndunum til að vinna gegn sama verðbólguþingi af því að pólitíkin leyfir honum ekki að hafa áhrif á allt þjóðarbúið, bara á hina smáu.

afnámu upp úr miðri síðustu öld. Nú er aftur þörf á slíkri kerfisbreytingu.

A þeim tíma hæddust þingmenn Sjálfstæðisflokksins að Framsókn fyrir trú hennar á margfalda gengisskráningu. Sextíu árum síðar hafa þeir sjálfir gengist þeirri gömlu trú á hendur.

Hin kerfisbreytingin lýtur að því að laga vinnnumarkaðinn að norræna módelinu.

Sjómenn og útvegsmenn sömdu til tíu ára vegna þess að útgerðin notar að mestu erlenda mynt og aflahlutur sjómanna gerir það að verkum að þeir taka í raun og veru laun í sama gjaldmiðli. Þetta segir mikið um þá kerfisbreytingu, sem er forsenda þess að vinnnumarkaðurinn geti samið á grundvelli stöðugleika. ■

100% SKEMMTUN  
100% FJÖR - 100% ÆVINTÝRI

**100%  
ULFUR**

FRUMSÝND Í BÍÓ  
17. FEBRÚAR

LAUGARÁS BÍÓ  
BARA LÚXUS

SMÁRA BÍÓ

HÁSKÓLA BÍÓ

# Nú er komið að okkur



Þórarinn Ingi Pétursson, þingmaður Framsóknar

Nýlega birtust fréttir þess efnis að matvælaráðherra hafi ákveðið að sleppa framlagningu frumvarps um sameiningu afurðastöðva í kjötiðnaði og tekið það úr málaskrá ráðuneytisins. Þetta eru vissulega vonbrigði þar sem hagræðing af slíkri sameiningu í þágu matvælaframleiðenda og neytenda hefur fengið mikla umfjöllun, bæði á Alþingi og á vettvangi bænda. Þegar við tölum um þessa hagræðingu þá erum við að tala um milljarða. Upphæðir sem geta skipt sköpum fyrir bændur og framtíð íslensks kjötiðnaðar.

## Bóndinn tryggir fæðu

Skilaboð ríkisstjórnarinnar um mikilvægi þess að tryggja fæðu- og matvælaöryggi hér á landi hefur verið skýrt. Mikilvægt er að við getum reitt okkur á íslenska matvælaframleiðslu, og við sjáum á nýliðnum atburðum erlendis að aðstæður heillar þjóðar geta breyst á augnabliki. Að vera sjálfum okkur nóg með nauðsynjar á borð við mat getur skipt sköpum.

Þeir sem tryggja matvæla- og fæðuöryggi landsins eru bændur. Innlendir matvælaframleiðendur, sem hafa tryggt okkur gæða afurð í árunna raðir þrátt fyrir marga erfiða tíma. Í dag, á tímum mikillar samkeppni við erlendar stórverksmiðjur, eykst mikilvægi þess að innlendir framleiðendur, sem uppfylla allar þá kröfur sem við gerum



til okkar fæðu hvað varðar öryggi og gæði, hafi ríkisstjórnina með þeim í liði.

## Milljarða króna hagræðing

Framsókn hefur lengi talað fyrir að sameining afurðastöðva í kjötiðnaði verði gerð heimil hér á landi. Tölfræðin og framtíðarspár liggja fyrir. Sú hagræðing getur komið rekstrargrundvelli bænda aftur á réttan kjöl eftir erfiða tíma og myndi að öllum líkindum skila sér til neytenda í formi lægra verðs. Í núverandi stöðu geta bændur ekki selt sína vöru á sama verði og innfluttar vörur eru keyptar á. Aðstöðumunurinn er gífurlegur þegar við horfum til erlendra stór-

verksmiðja, þar sem ekki eru gerðar sömu kröfur til öryggis, staðla og dýraverndar á mörgum stöðum. Framleiðslukostnaður þeirra er, eðli máls samkvæmt, lægri per kíló en hjá íslenskum fjölskylduböndum.

Þeir sem setja fyrirvara á framtíðarspárnar geta horft á þá raunverulegu hagræðingu, sem hefur átt sér stað í kjölfar sameiningar afurðastöðva í mjólkuriðnaði. Þar hafa mjólkurframleiðendur náð að hagræða milljörðum króna, sem skilar sér bæði til framleiðenda og bænda.

## Deila um samkeppni

Samkeppniseftirlitið (SKE) hefur gert athugasemdir við veitingu

ofangreindrar heimildar, en þar eru gerðar athugasemdir við að sameining afurðastöðva gæti dregið verulega úr samkeppni á þeim markaði, með tilheyrandi áhrifum. Það er vissulega hlutverk SKE að fylgjast með samkeppni hér á landi og tryggja jafnvægi á markaði. Hins vegar þurfum við að geta horft á raunverulegar aðstæður, til dæmis hvað varðar samkeppnisbaráttu innlendir matvælaframleiðslu við innflutt matvæli. Samkeppni sem má líkja við Davíð og Goliát. Það er komið að okkur að standa með Davíð og rétta honum slöngvuna. Í þessu máli eigum við frekar að lita til búvörlaga en samkeppnislaga, en markmið búvörlaga er

einmitt að tryggja innlenda framleiðslu landbúnaðarvara og afkomu íslenskra bænda.

## Lög og túlkun þeirra

Í málum sem varða matvælaframleiðslu og landbúnað hefur sú regla almennt gilt að landbúnaðarstefna skuli hafa forgang fram yfir samkeppnisákvæði. Þennan forgang hefur Evrópusambandið m.a. staðfest.

Í umfangsmikilli umsögn SKE, sem margir leggja grundvöll á í þessu máli, er meginþunginn lagður á túlkun samkeppnislaga. Það er skiljanlegt, enda samkeppnislögin þau lög sem stofnunin byggir almennt sínar ákvarðanir og athugasemdir á. Hins vegar gilda sérlæg um landbúnað hér á landi, þ.e. búvörlögin, sem eiga að njóta forgangs. Við í Framsókn höfum margsinnis lagt það til að undanþága frá samkeppnisákvæðum verði sett í búvörlög, 71. gr. A búvörlaga sem veitir slíka undanþágu, og með því verði sameining afurðastöðva gerð heimil.

## Skjaldborgin

Það er hlutverk ríkisstjórnarinnar að styðja við íslenskan landbúnað, neytendur og tryggja fæðuöryggi landsins. Með lagagjöf sem þessari eflum við íslenskan kjötiðnað til muna, gerum hann samkeppnishæfari á innlendum og alþjóðlegum markaði ásamt því að gera íslenskar afurðir aðgengilegri neytendum. Það er skjaldborgin sem við eigum að slá og við höfum engan tíma að missa. Eg vil því hvetja matvælaráðherra áfram í að vinna í þágu íslensks landbúnaðar og koma með frumvarp til þingsins um undanþágu frá samkeppnisákvæðum fyrir afurðastöðvar í kjötiðnaði. ■

# Gætum að höfðinu



Jón Steindór Valdimarsson, formaður Evrópuhreyfingarinnar

Ekkert fær stöðvað framrás tímans og framvindu flestra hluta. Það gildir um stórt og smátt, þar með stöðu Íslands í samfélagi þjóðanna og sameiginlega hagsmuni okkar af því að íslenskt þjóðfélag vaxi og dafni. Ýta verður undir þá þætti sem bæta velsæld og hagsæld en draga úr þeim sem styðja við sérhagsmuni og sérgæsku á kostnað almannahagsmuna.

Alþjóðasamfélagið er flokið og hið sama gildir um íslenskt samfélag. Eðlilegt er að skoðanir séu skiptar og ágreiningur um leiðir og aðferðir. Sem betur fer búum við í þeim hluta heimsins þar sem einna best hefur tekist að skipuleggja þjóðfélög og samskipti þjóða á grundvelli laga, réttar og milliríkissamninga.

Þrátt fyrir þetta höfum við of mörg óhugnanleg dæmi um að friðsöm samskipti, mannréttindi og lög og regla eru fljót að fjúka út í veður og vind ef þjóðir standa ekki saman og verja sameiginleg gildi, en láta í staðinn sverfa til stáls.

## ESB snýst um framfarir

Það má heita óumdeilt að Evrópusambandið sé víðtækasta og nánasta samstarf fullvalda og sjálfstæðra ríkja sem til er í heiminum. Viðfangsefni ESB, sem 27 ríki hafa sameinast um, snerta flesta þætti í

daglegu lífi fólks, beint og óbeint. Það gildir um viðskipti, mannréttindi, umhverfismál, kostnað við símtöl, rétt fólks til bóta verði tafir á flugi, rétt til starfa og menntunar, samkeppni og meira að segja skilvirkni heimilistækja, en af fjölmörgu er að taka.

Auðvitað takast aðildarríkin á um markmið og leiðir. Annað væri fullkomlega óeðlilegt. Ríkin hafa hins vegar ákveðið að vinna saman og sett sér ramma og leikreglur um samstarfið. Þess vegna hefur ávallt tekist að ná samkomulagi á endanum án gamaldags átaka á sviði viðskipta, svo ekki sé nú talað um stríðsátaka.

Það er líka fjarri lagi að Evrópusambandið sé fullkomið. Það er engin mannanna verk. Ekki heldur þeirra 27 ríkja sem hafa kosið að vinna þar að sameiginlegum hagsmunum með hag eigin þegna að leiðarljósi. Þá virðist mér að við Íslendingar séum sammála um að hér sé ekki allt fullkomið.

## Ísland utan vallar

Hingað til höfum við að mestu setið hjá og kosið að fylgjast einungis með þróun ESB og Evrópusamvinnunnar úr fjarlægð. Samt ekki alveg. EES-samingurinn, sem hefur verið í gildi frá 1994, hefur skuldbundið okkur til að hlýða því sem ESB ákveður.

Segja má að EES samningurinn hafi gjörbreytt íslensku samfélagi og fært inn í nútímann. Hann hefur fært okkur réttindi og framfarir sem flestir eru búnir að steingleyma að eigi rætur sínar að rekja til samvinnunnar innan ESB, en ekki til okkar eigin frumkvæðis eða hyggjuvits.



## Ísland á að blanda sér í leikinn

Fyrir fullvalda og sjálfstæða þjóð eins og Ísland er ekki sæmandi að velja sér það hlutskipti að vera utan vallar. Löngu er tímabært að blanda sér í leikinn með þeim réttindum og skyldum sem í því felast.

Þrátt fyrir smæð okkar eigum við að leggja okkar lóð á vogarskálur til þess að efla og bæta Evrópusambandið og gera það að enn betra verkfæri til að auka hagsæld í álfunni.

Við eigum líka að gera það fyrir okkur sjálf. Við eigum að taka fullan þátt í að móta okkar eigin örlög

og það regluverk sem við verðum að taka upp hvort eð er. Við eigum ekki að vera áhrifalausir áhorfendur.

Við eigum líka að opna dyr til að geta tekið upp evru í stað íslensku krónunnar. Það er ekki ásættanlegt fyrir íslenskan almenning og fyrirtæki að búa við gengissveiflur og vaxtastig sem er alltaf herra en hjá næstu nágrönnum okkar.

Evrann mun knýja fram nauðsynlegan aga í samfélaginu sem mun leiða til hagsældar og stöðugleika. Það er löngu fullreynt að við ráðum ekki við að stilla krónu og hag-

stjórn okkar þannig að stöðugleiki náist. Ekki er rétt að berja höfðinu lengur við þann stein.

Evrópuhreyfingin berst fyrir því að efnt verði til þjóðaratkvæðagreiðslu um að taka upp að nýju aðildarviðræður við Evrópusambandið. Þegar samningur liggur fyrir verður svo önnur þjóðaratkvæðagreiðsla um staðfestingu hans.

Tímabært er að leiða fram þjóðarviljann.

Ef þú ert á sama máli skaltu ganga í okkar raðir og skrá þig á [www.evropa.is](http://www.evropa.is). ■



Þrátt fyrir smæð okkar eigum við að leggja okkar lóð á vogarskálur til þess að efla og bæta Evrópusambandið og gera það að enn betra verkfæri til að auka hagsæld í álfunni.

## ALLT

KYNNINGARBLAÐ



Hornsteinn

60 ára afmælisýning

11/02 – 20/08 2023

LISTASAFN  
ÁRNESINGA

Austurmörk 21 • 810 Hveragerði

FIMMTUDAGUR 16. febrúar 2023



Mæðgurnar fögru, Kaia Gerber og Cindy Crawford. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Cindy Crawford vill hárið til baka

thordisg@frettabladid.is

Bandaríska ofurfyrirsætan Cindy Crawford verður 57 ára á bolludaginn. Hún viðurkennir að sáröfunda dóttur sína, fyrirsætuna Kaiu Gerber, sem er sláandi lík móður sinni. „Ég horfi á dóttur mína og sé hár hennar glansandi og heilbriggt. Hún er með gamla hárið mitt og ég vil fá það til baka!“ sagði Cindy í viðtali við tímaritið InStyle.

Fyrirsætan, sem var ein sú allra vinsælasta á 10. áratugnum, segist meðvitund um að húðin láti á sjá með aldrinum en það komi sér á óvart að árin setji mark sitt á hárið. „Allir tala um að húðin muni eldast en enginn segir manni að hárið eldist líka. Við reiknum jú öll með gráu hárunum en ég hafði ekki hugmynd um að áferð hársins léti líka á sjá og það yrði stökkara og mattara,“ sagði Cindy.

Á tíunda áratugnum var Crawford þekkt fyrir blásið hár með dúandi, stórum liðum og sú hárgreiðsla er einmitt aftur komin í tísku nú. „Það er alltaf gaman að sjá tísku og trend koma aftur. Þessi greiðsla minnir mig á tiskuna sem ég elskaði á tíunda áratugnum. Hún var óafsakanlega sexí og skemmtileg,“ sagði Cindy sem heldur enn mikið upp á gömlu, góðu hárgreiðsluna. „Mér finnst alltaf jafn flott að blása hárið með stórum krullubursta og Velcro-rúllum. Það gefur hárinu fyllingu og mjúkar, glansandi bylgjur. Ég kalla það „Madison Avenue-blásturinn.“ ■



Lífið er yndislegt og það er gaman að vera til, segir Logi Geirsson, fyrrverandi landsliðsmaður í handbolta.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Er svolítið að ögra fólki

Logi Geirsson, fyrrverandi atvinnumaður og landsliðsmaður í handknattleik, lítur björtum augum á lífið og tilveruna. Hann segist ætla að komast í besta form lífs síns á þessu ári en Logi, sem ávallt er flottur í tauinu, fagnaði fertugsafmæli sínu á síðasta ári. **2**

Alla daga  
gegn kulda og sólApótek, Hagkaup og Fjarðarkaup  
www.celsus.is



Guðmundur  
Hilmarsson  
gummih  
@frettabladid.is

Logi hefur í mörg horn að líta. Hann hefur rekið fyrirtækið Fjarform í mörg ár þar sem hann þjálfa fólk á öllum aldri, bæði byrjendur og lengra komna. Hann hefur verið iðinn við að halda fyrirlestra og þá er hann einn helsti handboltspekingur landsins og hefur í áraradír fjallað á RÚV um íslenska landsliðið á stórmótum.

„Ég er búinn að vera með Fjarform í tólf ár á sama stað í Hafnarfirði. Ég er að þjálfa fólk meira og minna allt árið. Þetta er íþróttafólk, kyrrsetufólk, Ólympíufarar, unglingar, eldri borgarar og bara öll flóran. Það kemur til mín alls konar fólk sem vill bæta lífsstíl sinn og fá ráðgjöf um hann. Ég set upp æfingar og matarþrógramm fyrir fólk og fylgi því eftir með mælingum og utanumhaldi. Það er búið að vera brjáláð að gera í þessum bransa. Vissulega dró aðeins úr þessu í Covid en núna er þetta komið á fulla ferð aftur,“ segir Logi en að hans sögn hafa mörg þúsund manns nýtt sér þjónustu Fjarforms.

Logi hefur í mörg ár haldið fyrirlestra og segir að fátt sé skemmtilegra en að halda þá.

„Ég fæ mikið út úr því að halda þessa fyrirlestra. Ég fer í fyrirtæki, til íþróttafélaga, í skóla og á fleiri staði. Ég hef keyrt á nokkra fyrirlestra og sá vinsælasti er með yfirskriftina: „Það fæðist enginn atvinnumaður.“ Þar fer ég yfir leiðina í það að verða atvinnumaður og er svolítið framhald af bókinni 10 10 10 sem ég gaf út hérna um árið. Ég hef haldið 2-4 fyrirlestra á mánuði, bæði hér í bænum og úti á landi. Þetta eru líka heilsufyrirlestrar sem eru meira fyrir fyrirtækin. Ég hreinlega elska að gera þetta og það skemmir heldur ekki fyrir að mér leiðist ekki að fá athyglina. Maður nýtir hana á þessum vettvangi og ef maður getur gefið eitthvað af sér þá er það frábært,“ segir Logi.

### Ögrar fólki með glingrinu

Logi lék sem atvinnumaður með þýska liðinu Lemgo frá 2004-2010 og hann spilaði 97 leiki með íslenska landsliðinu og skoraði í þeim 289 mörk. Hann vann til silfurverðlauna með landsliðinu á Ólympíuleikunum í Peking 2008 og til bronsverðlauna á Evrópumótinu í Austurríki 2010 en lagði landsliðsskóna á hilluna 2011.

Þeir sem séð hafa Loga á skjánum hafa tekið eftir því að honum leiðist ekki að klæða sig upp og skarta alls konar glingri.

„Sérstaklega þegar ég kem í sjónvarpið og ekki síst þegar stórmótin eru í gangi og 70% þjóðarinnar eru að horfa, þá þarf maður að vera svolítið flottur. Fólk hefur ótrúlegar skoðanir á því hvernig maður klæðir sig og póstinum rignir inn. Til dæmis voru þeir margir sem vildu ekki sjá rauða sólan undir skónum lengur, sem ég gerði í að láta sjást. Þegar ég mæti með gullgeraugun og gullhringana í settið þá er ég svolítið að ögra fólki en ég vil líka vera öðruvísi. Þetta er bara ég. Ég fæ helling út úr þessu.“

### Komast í besta form lífsins

Þegar Logi er spurður út í eigin hreyfingu og heilsurækt segir hann: „Ég ætla að komast í besta form lífs míns á þessu ári og það fertugur að aldri. Ég ætla að taka heilsuna vel í gegn,“ segir Logi, sem fer gjarnan upp í Kaplakrika til að sækja orku. Kaplakrika var lengi vel hans annað heimili en Logi er fæddur og uppalinn í FH og karl faðir hans, goðsögnin Geir Hallsteinsson, vann í fjöldamörgum ár sem forstöðumaður í Kaplakrika sem Logi naut góðs af.



Logi flottur í tauinu í útsendingu í HM-stofunni á RÚV.

MYND/ÆSEND



Logi ásamt börnunum sínum, Júlíu og Vilberg.

MYND/ÆSEND

„Ég grip í lóðin af og til. Handboltaferillinn fór ekkert mjög illa með mig og til að mynda fór ég í september á síðasta ári og tók þátt í „All Star“-leik í Þýskalandi sem gekk bara vel. Skrokkurinn er ekkert illa farinn enda var ég frekar stutt í atvinnumenskunni. Ég er í góðu líkamlegu formi og nú þegar maður er orðinn fertugur þá bætast göngutúrar við. Ég ætla líka að sigrá nokkur fjöll á þessu ári og stefnan er að labba Laugavegin.“

### Bankar ástin upp á?

Logi á tvö börn, Vilberg og Júlíu, með Ingibjörgu Elvu Vilbergsdóttur en Logi og Ingibjörg hættu saman eftir tíu ára sambúð árið 2019.

„Lífið er yndislegt og það er gaman að vera til. Hvert tímabil í lífinu hefur sinn sjarma og aldrei að vita nema að ástin banki upp á 2023. Ég hef góða tilfinningu fyrir því að þetta verði árið sem þetta gerist,“ segir Logi, sem segist hafa búsetu á þremur stöðum.

„Ég bý í Njarðvík og er með krakkana hjá mér aðra hverja viku. Ég er líka með íbúð í bænum og svo geri ég mikið af því að fara vestur í Grundarfjörð. Ég reyni að vera í húsinu í Grundarfirði eins mikið og ég get. Grundarfjörður er æðislegur staður og er falinn demantur að mínu mati. Ég keypti húsið upphaflega sem sumarhús en ég er að fara í það yfir allt árið. Ég get unnið þar og mér líður ákaflega

**” Lífið er yndislegt og það er gaman að vera til. Hvert tímabil í lífinu hefur sinn sjarma og aldrei að vita nema ástin banki upp á 2023.**

Logi Geirsson

Logi við skrifborðið sitt hjá fyrirtækinu Fjarformi sem hann hefur rekið í tólf ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
ANTON BRINK

vel á þessum stað. Ég er enn þá að gera húsið upp og þegar því lýkur verður þetta alvöru villa.“

Það er ekki hægt að sleppa Loga án þess að spyrja hann aðeins út í landsliðið nú þegar rykið hefur sest eftir HM í síðasta mánuði. Logi var mjög bjartsýnn og taldi liðið vera nógu gott til að vinna heimsmeistaratilinn. Niðurstaðan varð hins vegar 12. sæti. Í janúar á næsta ári fer EM fram í Þýskalandi og þar verður íslenska landsliðið nær örugglega í eldlinunni. Logi hefur verið einn sérfræðingur á RÚV mörg undanfarin ár.

### Síðasta stórmótið á RÚV?

„Ég er ekki frá því að þetta hafi verið síðasta stórmót mitt í sjónvarpinu. Við verðum með frábært lið í Þýskalandi og mig langar að upplifa það mót sem áhorfandi. Mig er búið að dauðlanga til að fara á þessi stórmót ár eftir ár en frá árinu 2012 er ég búinn að vera á RÚV og er búinn að fjalla um síðustu tíu stórmót hjá landsliðinu.“

Það tekur á og maður er hálf bensínlaus nokkrar vikur á eftir. Ég man eftir heimsmeistaramótinu sem ég tók þátt í með landsliðinu í Þýskalandi 2007. Það er flottasta mót sem ég hef farið á. Umgjörðin var rosaleg og fólk hafði aldrei séð annað eins. Stemningin var mögnuð og allar hallir voru fullar. Þeir sem fóru á þetta mót hafa beðið eftir því að fara aftur á mót í Þýskalandi og eitt er víst að það verður boðið upp á stórveislu þar á næsta ári.“ ■



**YEST/YESTA gallabuxur**  
 Fleiri litir til  
 Stærðir 36-60  
 Verð 11.980 kr



**YEST/YESTA litaðar gallabuxur**  
 Fleiri litir til  
 Stærðir 36-52  
 Verð 14.980 kr



**ZE ZE Shape2 buxur**  
 Fleiri litir til  
 Stærðir 34-48  
 Verð 10.990 kr



**YEST/YESTA buxur með víðu sniði**  
 Fást líka í svörtu  
 Stærðir 36-60  
 Verð 9.980 kr



**Jazzy gallabuxur**  
 Stærðir 42-58  
 Verð 10.990 kr

yesta

yest

no<sup>secret</sup>

Q'neel

ROBELL

ZHENZI

ZÉZE  
Nordic

Q<sup>UE</sup>



**STUDIO Lajla kósýbuxur**  
 Stærðir 38-56  
 Verð 12.980 kr



**YEST/YESTA kósýbuxur**  
 Fást líka í beige  
 Stærðir 36-52  
 Verð 12.980 kr



**ROBELL Nena 09 ökkla gallabuxur**  
 Stærðir 36-52  
 Verð 21.980 kr



**ROBELL Bella 09 ökklabuxur**  
 Fleiri litir til  
 Stærðir 34-56  
 Verð 7.980 kr



**IVY BEAU Pleður snake leggings**  
 Stærðir 36-46  
 Verð 8.980 kr

SUNDAY  
by Godske

FRANSEN

festival  
DENMARK

STUDIO<sup>®</sup>

Tamaris

GOZZIP<sup>®</sup>

HABELLA

SANDGAARD

Jana<sup>®</sup>

L'ESSESSOR



**ZE ZE hnébuxur**  
 Fleiri litir til  
 Stærðir 36-48  
 Verð 8.990 kr



**ZE ZE galla hnébuxur**  
 Stærðir 34-48  
 Verð 9.990 kr



**ROBELL Bella 05 hnébuxur**  
 Fleiri litir til  
 Stærðir 34-52  
 Verð 7.980 kr



**ZHENZI kvartbuxur**  
 Fleiri litir til  
 Stærðir 42-56  
 Verð 7.990 kr



**ZE ZE Lance pils með buxum undir**  
 Fleiri litir til  
 Stærðir 36-48  
 Verð 6.990 kr

Verzlunin Belladonna

**belladonna**

Líttu við á  
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

# Dreymir um að koma tónlistinni út í heim

Sigríður Ósk Hrafnkelsdóttir, alla jafna kölluð Sigga Ózk, hefur ávallt vakið athygli fyrir útgeislun sína, fallegan klæðaburð og listræna hæfileika. Hún er einn þátttakenda í Söngvakeppni Sjónvarpsins 2023.

sjofn@frettabladid.is

Sigga Ózk útskrifaðist frá alþjóðbrautinni í FG með fatahönnun á kjörsviði. „Ég söng frumsamið lag og klæddist kjól sem ég saumaði sjálf á útskriftardaginn. Ég hef ávallt haft áhuga á tónlist, söng, dans, tísku og leiklist. Sem barn æfði ég píanóleik, leiklist og söng en var mest á dansæfingum. Ég byrjaði að dansa með 16 ára stelpum þegar ég var 12 ára í Svíþjóð þegar ég bjó þar,“ segir hún. „Helsta áhugamál mitt eru „show“ þar sem öllum mínum áhugamálum er blandað saman, söngur, leiklist, dans, tísku og tónlist. Mér finnst mest gaman að láta alla þessa hluti tengjast í einu „showi“,“ bætir hún við.

## Með stóra drauma

Sigga Ózk er á öðru ári í söngleikjadeildinni í Söngskóla Sigurðar Demetz. „Þar fyrir utan hef ég kennt í grunnskólum auk þess að koma fram með eigin tónlist á ýmsum stöðum. Ég stefni á að gefa tónlistina út um allan heim. Með henni langar mig síðan að stofna nokkur fyrirtæki og eitt af þeim væri fatamerki. Mig hefur alltaf dreymt um að hanna eigin fatalínu.“

Sigga Ózk segir að móðir hennar hafi verið fyrirmynd hvað varðar tísku. „Mamma hjálpaði mér alltaf með val á því hverju ég ætti að klæðast þangað til ég vildi fá að ákveða það sjálf. Einnig aðstoðaði hún mig við að læra á saumavél og sauma mín eigin fót. Ef ég ætti að velja yrði fatastillinn minn afslappaður og klassískur í senn. Síðustu ár hef ég verið mikið í ljósum fötum og helst skyrtum með „puffy“ ermum, mér finnst það ýkja mittið, sérstaklega ef ég er í buxum sem eru útvíðar og háar í mittið, það er still sem klæðir mig. Ég hef mikla sköpun á litasamsetningu og jafnvægi. Ég reyni að vera helst ekki meira en í þremur litum í einu. Ég vil ýkja það sem mér finnst flott eins og mittið og fætur. Er nánast alltaf á hælum eða platform skóm því ég er svo lítil,“ segir hún.

„Það var ekki fyrr en í menntaskóla sem ég fattaði að öllum var



í rauninni sama hverju ég klæddist því flestir hugsa einungis um sjálfan sig og hvort þeir séu nógu töff. Á þessum tíma var ég búin að fara í heimsreisni með mómmu og systur minni þar sem ég fékk að sjá alls kyns fatastíla. Ég áttaði mig á að öllum er sama, ég get verið í því sem mig langar. Þá byrjaði ég líka að prófa að mæta í pels, inniskóm eða einhverju slíku bulli í skólann en öllum var sama, það var ákveðið frelsi og góð tilfinning. Þegar ég hóf nám í háskóla fór ég meira út í klassíska stílinn og hef haldið

honum. Þegar ég fór að gefa út tónlist og fór að klæðast alls kyns glingurfötum á sviði vildi ég að fólk sæi mig líka vel klædda úti í búð. Ég fer eigin leiðir í fatastílum og hef til dæmis ekki fallið fyrir mikilli förðun eða lokki í nefi.“

## Útvíðar svartar silkebuxur

Fyrir utan kjólinn í Söngvakeppninni segist Sigga Ózk eiga slatta af uppáhaldsflikum. „Svo fátt eitt sé nefnt þá eru svörtu útvíðu silkebuxurnar mínar í uppahaldi, þær eru í raun vietnamskar þjóðbúningabuxur en ég elska að klæðast þeim, einnig get ég nefnt toppinn og ermarnar sem Perla Rúnarsdóttir saumaði handa mér fyrir online tónleikana mína. Þá keypti ég skó, icon skó, á DollsKill til að hafa á cover myndinni á laginu Segðu mér og mér til furðu sá ég að Ariana Grande var í eins skóm í Thank u, next myndbandinu þegar hún lék Elle Woods í nöglum.“

Fyrir Siggú Ózk er ómissandi að eiga gott veski. „Ég á tvær stórar töskur, eina ljósa og eina svarta til að vera með stóra hluti í en síðan er ég með tvær litlar töskur, eina perlu og aðra svarta. Síðan á ég eina bleika í millistærð úr Yeoman, ég get komið öllu í þá tösku og liður eins og Mary Poppins þegar ég er að taka hluti úr henni,“ segir hún.


„Mér finnst mjög mikilvægt fyrir ungar stelpur að klæða sig ekki einungis til að sýna sig fyrir öðrum eða fá athygli frá strákum. Klæddu þig bara í því sem þér finnst flott. Ekki láta aðra ráða því hvernig þú klæddist heldur farðu að eigin stíl. Mundu að allir eru bara að reyna að vera töff líka, vertu þú sjálf,“ segir söngkonan. ■



Sigga Ózk, sem er meðal keppenda í Söngvakeppni Sjónvarpsins að þessu sinni, kann best við sig á háum hælum enda segist hún vera smávaxin.



Ljósir litir eru í uppahaldi hjá Siggú Ózk og stórar töskur.



Söngkonan Sigga Ózk brá á leik fyrir ljósmyndarann og smelli á sig skrautermum. Skórnir glitra skemmtilega.

## Leyndarmál hvannarrótar

- Loft í maga?  
Glímur þú við meltingartruflanir?
- Næturbrólt  
Eru tíð þvaglát að trufla þig?



**ICEHERBS**  
NATURAL SUPPLEMENTS

**hvannarrót**

100% náttúruleg hvannarrót

60 HYLKI | FÆÐUBÓGENI

Fæst í næsta apóteki, heilsuvörverslun, Hagkaupum og Nettó.



# Konur vilja ekki fleiri reglur

Tískusýning Tory Burch fyrir haust- og vetrarlínuna 2023-2024 fór fram á tiskuvíkunni í New York mánudaginn 13. febrúar.

jme@frettabladid.is

Í nýju línunni lék Burch sér með hugmyndina um fullkonnun og segir: „Ég vildi skora hugmyndina um hefðbundinn kvenleika og fegurð á hölm og snúa henni á hvolf. Ég held að konur vilji ekki reglur lengur.“ segir hún. Vogue Runway fjallaði um sýninguna.

## Sækir innblástur í sportfatnað

Frá því í Covid-19 faraldrinum hefur Tory Burch haft síaukinn áhuga á Claire McCardell, bandaríska sportfatahönnuðinum sem færði konum „popover“ kjólinn fyrir 75 árum, en um er að ræða eins konar flik sem hægt er að vefja utan um líkamann og hefur verið endurhannaður fyrir ýmis tilefni. Einnig sótti Burch innblástur í eigin hönnun frá tíunda áratugnum með teygjanlegum flikum sem hægt er að nýta á fjölbreyttan máta.

Grunnurinn að línunni samanstendur af peysum og pílsum í miðsidd, aðsnidnum jökkum, hnepptum skyrtum og buxum með beinu sniði. Yfirhafnirnar voru sérstaklega sterkar og mátti finna þar navy-bláan tvíhnepptan jakka með brúnni gæru og ullar-tvídjakka með fylltum mjöðmum.

## Ófmetin fullkonnun


Í línunni má sjá birtingarmynd ófullkonnunar þar sem pliseruðu ullarpíls er tyllt saman með öryggisnælu. Fyrirsætturnar voru klæddar í satinkjöla þar sem bakið sneri fram. Belti voru ekki nytjahlutur heldur fengu að hanga á mjöðmunum sem fylgihlutur og veskin fengu að hanga opin á örmum fyrirsætanna. Burch sýndi svo fram á að undirfatnaðurinn, þá sérstaklega formfatnaðurinn, má svo sannarlega fá að skína í kvöldklæðnaðinum. ■

Ófullkonnun og óuppábúin eru orð sem koma í hugann þegar lítið er yfir nýju línuna frá Tory Burch. En önnur orð sem koma upp í hugann eru líka svalt og persónulegur still.



Undirfatnaðurinn í allri sinni dýrð fær að láta ljós sitt skína í nýju línunni frá Tory Burch. Form og fúnksjón í sinni skýrustu mynd.

FRÉTTABLAÐID/  
GETTY



## KVIKMYNDAGETRAUN

Í samstarfi við Myndform: Sex miðar í bíó, popp og gos. Farið inn á kvikmyndir.is og svarið nokkrum laufléttum spurningum í boði þáttarstjórnenda Bíóbæjarins.

BÍÓ  
bæjarinn



KVIKMYNDIR.IS

MYNDFORM

# Harry Styles kom með stæl á BRIT

Það má segja með sanni að Harry Styles hafi komið með stormi inn í BRIT-verðlauna-hátíðina sem var haldin um síðustu helgi í London. Harry tók fern verðlaun, eða alla flokkana sem hann var tilnefndur í, þar á meðal sem besti listamaðurinn.

elin@frettabladid.is

ITV sjónvarpsstöðin sýndi beint frá hátíðinni sem hófst með smelli Harrys, laginu As It Was, sem vann síðar um kvöldið í flokknum besta lag ársins. Harry sagðist vera meðvitaður um forrættindi sín á BRIT kvöldinu en einungis karlar voru tilnefndir í flokknum um besta listamanninn. Það fannst honum undarlegt en í fyrra var ákveðið að hætta að kyngera flokka í bestu karla og bestu konur. Því var bara einn flokkur tileinkaður listamanni ársins að þessu sinni.

Harry þakkaði móður sinni fyrir að hafa skráð sig í X-Factor á sínum tíma án þess að láta sig vita. Upp úr því varð til hljómsveitin One Direction sem Simon Covell á heidurinn af. Með Harry í þeirri hljómsveit voru Niall Horan, Louis Tomlinson, Liam Payne og Zayn Malik. One Direction er hætt en Harry fór í sína eigin vegferð og hefur hlotið heimsfrægð sem sólóisti.

Í fyrstu horfði Harry Styles til tónlistar á áttunda áratugnum, svo sem Elton John, Fleetwood Mac og Paul McCartney. Síðan hefur hann þróað músíkina eftir eigin útópískri heimspeki, eins og það er orðað, og plötur hafa selst í milljónum eintaka. Hann sjálfur þykir glödvær og skemmtilegur. Röddin er mjúk, eða eins og BBC orðar það: Rödd hans vex fallega eins og deig í ofni. Harry vann þrenn verðlaun á Grammy-verð-

laununum sem fram fóru í Los Angeles fyrr í þessum mánuði svo stjarna hans rís hátt þessa dagana.

Það var ekki bara sviðsframkoma Harrys sem vakti athygli. Klæðaburður hans vakti ekki síður mikla eftirtekt. Þegar hann mætti til leiks var hann klæddur í svartan flauels-smóking frá Nina Ricci með risastórt blóm um hálsinn. Þar mætti maður með stæl en hönnuðurinn var Harris Reed, sem skapaði fötin með innblæstri frá stílisma Harry Styles, Harry Lambert. Þess má geta að sléttflauels-jakkaföt eru afar vinsæl um þessar mundir en þau voru áður vinsæl á áttunda áratugnum.

## Húðflúr í stað skyrta

Þegar Harry steig á svið með verðlaunalag sitt var hann hins vegar klæddur rauðum, stuttum palli-ettujakka og var

skyrta-laus. Húðflúr á líkama hans voru því ekki í felum. Loks klæddist hann afar smekklefum jakkafötum með nýstárlegu sniði. Jakka-kraginn var í sniðinu eins og á gömlu matrósafötunum. Tiskuaðdáendur hafa komist að því að Harry Styles er aðdáandi hálskreytinga, hann gengur oft með fjölda perlufesta eða hálsmena. Á Grammy-verðlaunaafhendingunni var hann til dæmis í sérhönnuðum Egonlab samfestingi sem var þakinn Swarovski kristóllum.

Breski ritstjórnin og tiskustíl-

istinn Harry Lambert hefur unnið með nafna sínum Styles í níu ár. Hann stíliseraði meðal annars fyrir umslagid á plötunni Harry's House sem sópar að sér verðlaununum þessa dagana. Lambert segist vera einstaklega hrifinn af tónlist Harrys Styles og spilar hana mikið. Fyrir utan Harry Styles vinnur hann með leikurunum Emmu Corrin og Josh O'Connor auk knattspyrnumannsins Dominic Calvert-Lewin.

Þegar nafnarnir hittust á sínum tíma var Styles aðdáandi Yves Saint Laurent og líkti eftir fatastíl Mick Jagger. Lambert færði hann yfir í „fjörugri“ fatnað sem var innblásinn af Gucci og JW

Anderson. Lambert hefur

kynt Styles fyrir mörgum óþekktum hönnuðum og þannig komið þeim á framfæri. Þá hafa nafnarnir unnið talsvert með Harris Reed, meðal annars fyrir tónlistarmyndbönd Styles.

## Í kjól á forsiðu Vogue

Styles, sem hefur gaman af alls kyns fötum, segir að Harry Lambert taki klæðnað ekki of alvarlega og þess vegna geri hann það ekki sjálfur. „Maður getur aldrei verið of klæddur,“ segir hann. „Föt eru til að skemmta sér með, gera tilraunir og leika sér,“ segir hann en Styles klæddist kvenkjól á forsiðu Vogue árið 2020 sem vakti mikla athygli. Hann virðist eiga auðvelt með að koma fólki skemmtilega á óvart með klæðaburði sínum. ■

Harry Styles flytur hið vinsæla lag As It Was á BRIT verðlaunaafhendingunni í The O2 Arena í London á laugardag.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
GETTY



Þegar Harry Styles mætti á hátíðina var hann í þessum sléttflauels-jakkafötum með risastórt blóm í stíl um hálsinn. Jakkin er útsniðinn líkt og buxurnar. Flauel er afar vinsælt um þessar mundir.

## Liprari liðir, alla daga

**BUILD-YOUR-JOINTS** fyrir bættan hreyfanleika, uppbyggingu brjósks og heilbrigði liða





**40 mg**  
Kollagen týpa II



**100 mg**  
Víðisbörkur



**50 mg**  
Kúrkúmín



**2,5 mcg**  
D3-vítamín



GOOD ROUTINE® fæst í Apótekanum, Nettó, Fjarðarkaup, Hagkaup, Krónunni, Lyf og heilsu og á [goodroutine.is](http://goodroutine.is)

KAVITA



Salma Hayek afhenti Harry Styles verðlaun fyrir bestu popp/R&B tónlist. Takið eftir kraganum á jakkanum hjá Harry.



Enginn annar en stórleikarinn Stanley Tucci afhenti Harry Styles aðalverðlaunin og vel fór á með þeim.

A photograph of two models standing in a city street. The model on the left has a large, voluminous afro hairstyle and is wearing a multi-colored plaid blazer over a white top. The model on the right has long, straight blonde hair and is wearing a tan blazer over a black top and black leather pants. The background shows city buildings and a white car.

# VERÐHRUN 60-70%

Mos Mosh - Stenströms - Marc Cain - Bitte Kai Rand  
PBO - LaSalle - Gardeur - NeroGiardini - Wonders - Högl

*hjá*  
**Hjafnhildi**

Engjateigi 5 // 581 2141 // [hjahrafnhildi.is](http://hjahrafnhildi.is)

Skoðið úrvalið á  
[hjahrafnhildi.is](http://hjahrafnhildi.is)

# Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16  
Netfang: [smaar@frettabladid.is](mailto:smaar@frettabladid.is)

## Þjónusta

### Bókhald

#### FRAMTALSADSTOD - BÓKHALDSPJÓNUSTA

Þjóðum einstaklingum framtalsaðstoð og fyrirtækjum alhliða bókhalds og uppgjörsþjónustu.

Góð þjónusta á sanngjörnu verði.

Uppl. í síma  
8548080/5168080  
[retta.is](mailto:retta.is)  
[olafur@retta.is](mailto:olafur@retta.is)



## Keypt & Selt

### Til sölu



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. [www.myranaut.is](http://www.myranaut.is) s. 868 7204

## Húsnæði

### Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS  
SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. [www.geymslur.is](http://www.geymslur.is)

[WWW.GEYMSLAEITT.IS](http://WWW.GEYMSLAEITT.IS)  
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m<sup>2</sup>. S: 564-6500



## Umhverfismat framkvæmda

Umhverfismatsskýrsla í kynningu

### Framleiðsluaukning Landeldis hf. í Ölfusi

Landeldi hf. hefur lagt fram umhverfismatsskýrslu vegna umhverfismats fyrirhugaðrar framleiðsluaukningar í Ölfusi.

**Kynning á umhverfismatsskýrslu:** Umhverfismatsskýrsla fyrir ofangreinda framkvæmd liggur frammi til kynningar á skrifstofu Sveitarfélagsins Ölfuss og hjá Skipulagsstofnun frá 16. febrúar til 30. mars 2023 og á vefsíðu stofnunarinnar: [www.skipulag.is](http://www.skipulag.is)

**Umsagnarfrestur:** Allir geta kynnt sér umhverfismatsskýrsluna og lagt fram umsögn. Umsagnir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 30. mars 2023 til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á [skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is)

## Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublaðið Íslands —



### FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN Í MEST LESNA ATVINNUBLAÐI LANDSINS!\*

\*Samkvæmt prentmælingum Gallup

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:  
Hrannar Helgason, [hrannar@frettabladid.is](mailto:hrannar@frettabladid.is)  
Anna Rut Kristinsdóttir, [arnarut@frettabladid.is](mailto:arnarut@frettabladid.is)

FRÉTTABLAÐIÐ

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikael S. 894 4560 [www.flytja.is](http://www.flytja.is) [flytja@flytja.is](mailto:flytja@flytja.is)



Erum við að leita að þér?



# Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055


## LOK Á HEITA POTTA



Framleiðum einangrunarlok og yfirbreiðslur á allar tegundir potta. Metum ástand og gerum við. [www.fjardarbolstrun.is](http://www.fjardarbolstrun.is)

Fjardarbolstrun S. 561 4188 • 840 0339 • [fjardarbolstrun@gmail.com](mailto:fjardarbolstrun@gmail.com)

## ER BÍLSÆTID RIFID ?



Bílsætaviðgerðir-, mótörhjóra og snjósléðasæti. Húsbíllaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu. Skoðið video af vinnslu á [www.hsbolstrun.is](http://www.hsbolstrun.is)

Formbólstrun

Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 [www.hsbolstrun.is](http://www.hsbolstrun.is)

## Geymsluskúrar /gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og búrústál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppl.; [reisum@simnet.is](mailto:reisum@simnet.is) eða s. 899 0913 Fríða, [www.reisum.is](http://www.reisum.is)



gott [cbd.is](http://cbd.is)

## viftur.is


Viftur • Blikkrör • Aukahlutir

## íshúsið

S: 566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur



## Ferðapjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðapjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. [reisum@simnet.is](mailto:reisum@simnet.is) eða í síma 899 0913 Fríða [www.reisum.is](http://www.reisum.is)

Alla fimmtudaga og laugardaga

[arnarut@frettabladid.is](mailto:arnarut@frettabladid.is)

# Við leiðum fólk saman



# Kolluna upp fyrir alla sem eru að missa vonina!

„Kraftur þýðir  
skemmtun. Það  
er svo jákvæð  
orka þarna og  
skemmtilegt fólk“

Ekki missa  
**vonina!**

[lifidernuna.is](http://lifidernuna.is)

Kraftur er stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem  
greinst hefur með krabbamein og aðstandendur.  
Kaupum kolluna á [lifidernuna.is](http://lifidernuna.is)





Ten Hag, stjóri Manchester United, er spenntur. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Stórslagur á Nývangi í kvöld

hordur@frettabladid.is

**FÓTBOLTI** Tvö af stærstu félagsliðum fótboldans, Barcelona og Manchester United, eigast við síðdegis í dag þegar liðin mætast í Evrópu-deildinni. Bæði félög hafa gengið í gegnum verulega erfiða tíma síðustu ár og eru ekki á meðal liða sem taka nú þátt í Meistaradeild Evrópu sem er stærsta svið fótboldans.

Barcelona mistókst að komast upp úr riðli sínum í Meistaradeildinni fyrir áramót á meðan United hefur í allan vetur spilað í Evrópu-deildinni. Um er að ræða fyrri leik liðanna sem fram fer á Nývangi í Katalóníu en síðari leikurinn fer fram eftir viku í Manchester.



### Barcelona situr í toppsætinu á Spáni á meðan Manchester United er í þriðja sæti á Englandi.

Það verður áfram hausverkur fyrir Erik ten Hag, stjóra Manchester United, að stilla upp miðsvæði sínu en Christian Eriksen er áfram frá vegna meiðsla og þá tekur Marcel Sabitzer út leikbann. Ten Hag gleðst þó yfir því að Casemiro er aðeins í banni í enska boltanum og má því taka þátt í leiknum í kvöld.

„Bæði félög hafa gaman af því að mæta hvort öðru, þetta er stór áskorun. Við hefðum viljað mæta þeim í úrslitum en svona er þetta,“ segir Ten Hag um leikinn en sigurvegari einvígisins fer í 16 liða úrslit. „Við erum spenntir, þetta gefur okkur mikla orku því þetta verður frábær leikur. Þetta verður mikil áskorun, við sjáum hvaða leikmenn eru heilir en þetta verður leikur í hæsta gæðaflokki,“ segir sá hollenski. ■



Daniel Freyr Andrússon er mættur heim til FH, þar sem hann lék áður við góðan orðstír.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
VALLI

## FH eina félagið sem kom til greina

Markvörðurinn Daniel Freyr Andrússon er á leið aftur til Íslands. Hann heldur aftur í uppeldisfélagið, FH. Daniel segir að ekkert annað hafi komið til greina en að fara í Fimleikafélagið eftir að ákvörðun um að flytja heim til Íslands hafði verið tekin. Hann er spenntur fyrir komandi tímum.

helgifannar@frettabladid.is

**HANDBOLTI** Það var staðfest í gær að handboltamarkvörðurinn Daniel Freyr Andrússon myndi ganga í raðir FH á nýjan leik. Hinn 33 ára gamli Daniel kemur frá danska úrvalsdeildarliðinu Lemvig-Thyborøn, þar sem hann hefur leikið frá því síðasta sumar. Kappinn gerir tveggja ára samning við Fimleikafélagið.

„Þetta er í raun ekki búíð að eiga sér langan aðdraganda. Ég talaði fyrst við FH í kringum áramótið og síðan gekk þetta frekar hratt fyrir sig í kjölfarið,“ segir Daniel í samtali við Fréttablaðið.



Stemningin sem er í Krikanum núna flýtti samt kannski aðeins fyrir og gerði ákvörðunina um að koma heim strax í sumar auðveldari.

### Tímasetningin hentaði

Sem fyrr segir hefur Daniel áður verið á mála hjá FH. Hann er uppallinn hjá félaginu og náði með því frábærum árangri á árum áður. Daniel varð til að mynda Íslandsmeistari með FH árið 2011 og var á meðal bestu markvarða í handboltanum hér á landi. Kappinn hélt svo frá FH í atvinnumennsku árið 2014.

„Það kom ekkert annað til greina en að fara aftur heim í Krikann,“ segir hann eftir endurkomuna.

Samningur Daniels við Lemvig-Thyborøn átti ekki að renna út fyrr en eftir næstu leiktið en verkefnið hjá FH heillaði, enda búíð að leggja mikið í að styrkja liðið fyrir átökin á næstu árum. „Mér leið eins og þetta væri flottur tímamunktur. Það eru líka spennandi tímar fram undan í Krikanum.“

### Félag með háleit markmið

Sem fyrr segir er FH stórhuga fyrir næstu leiktið í Olís-deildinni. Ljóst er að landsliðsfyrirliðinn Aron Pálmarsson mun einnig snúa heim í Kaplakrika fyrir næstu leiktið. Hann hefur verið einn fremsti handboltamaður heims undanfarin ár og er afar sigursæll. Ef allt er eðlilegt ætti Aron að reynast hvalreki fyrir Fimleikafélagið. Daniel segir það hafa haft áhrif.

„Það spilaði inn í, þó að planið hafi alltaf verið að fara heim í FH. Stemningin sem er í Krikanum núna flýtti samt kannski aðeins fyrir og gerði ákvörðunina um að koma heim strax í sumar auðveldari.“

Lemvig-Thyborøn sýndi ákvörð-

un Daniels um að halda heim á leið skilning. „Það var ekkert vesen að fá að fara. Þau skildu ákvörðunina mína vel.“

### Líklega kominn til að vera

Auk þess að spila með Lemvig-Thyborøn hefur Daniel einnig leikið með Eskilstuna Guif og Ricoh í Svíþjóð, sem og SønderjyskE Danmörku.

En hefur hann nú sagt skilið við atvinnumennskuna fyrir fullt og allt?

„Ég held það. Ég er samt ekki búinn að taka neina ákvörðun um það en það er allavega ekki í áætluðum hjá mér núna að fara aftur út,“ segir Daniel, sem einnig á að baki eitt tímabil með Val.

Daniel áttar sig á því að væntingarnar til FH eru miklar á komandi tímum.

„Ég hef ekki farið náíð út í markmiðin með FH en ég veit að það er búíð að vera markmiðið hjá FH lengi að vera besta liðið á Íslandi, allavega berjast við toppinn. Það hlýtur að vera það áfram,“ segir Daniel Freyr Andrússon. ■

## Eftirvænting fyrir endurkomu Tígursins á golfvöllinn

hordur@frettabladid.is

**GOLF** Tiger Woods, einn fremsti kylfingur sögunnar, snýr aftur á golfvöllinn í dag þegar Genesis-mótið fer af stað í Kaliforníu. Líkamlegt ástand Tiger hefur komið í veg fyrir að hann spilaði golf undanfarna mánuði. Kylfingurinn lenti í mjög alvarlegu bíslslysi árið 2021 þar sem hann var nær dauða en lífi. Læknar telja það kraftaverk að hann geti gengið í dag, hann hefur tekið þátt í nokkrum mótum eftir slysið en ekki spilað síðan í júlí á síðasta ári. Tiger hafði boðað endurkomu sína á golfvöllinn í desember en varð að draga sig úr leik á síðustu stundu vegna eymsla.

„Það er meira ökklinn á mér sem er til vandræða frekar en leggurinn. Leggurinn er betri en á síðasta ári en núna er það ökklinn. Þetta snýst um að hann jafni sig frá degi til dags.



Það er alltaf mikil eftirvænting hjá golfáhugafólki þegar Tiger Woods reimar á sig skóna og tekur upp kylfurnar. Hann hefur ekki tekið þátt í móti frá því á miðju síðasta ári.

Þetta hefur tekið á,“ segir Tiger í aðdraganda mótsins.

Um undirbúning sinn undanfarin vikur segir Tiger hann hafa gengið ágætlega. „Ég vippta og púttu, ég er með fint æfingarsvæði í garðinum hjá mér. Ég fer svo út á völlum og slæ bolta og reyni að labba völlum, ég hoppa upp í golfbíl ef ég finn fyrir þreytu. Ég hef verið að vinna mig upp úr því að spila nokkrar holur, yfir í níu holur og svo klára 18 holur. Þetta snýst um að byggja sig rétt upp og það hefur gengið frábærlega undanfarið,“ segir Tiger, sem vinnur að því að vera í sínu besta formi þegar Masters-mótið verður leikið í byrjun apríl.

Genesis-mótið er eitt af þeim stærstu á ári hverju fyrir utan stórmótið fjögur en á vellinum verður að finna flesta affremstu kylfingum í heimi. ■



Tiger Woods mætir til leiks í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Lífið í nýrri mynd, nú með hljóði

## Beltone **Imagine**™ – hágæða heyrnartæki

Hljóðheimurinn er stór hluti lífs okkar. Við hjálpum þér að njóta hans með hágæða heyrnartækjum sem bæta lífsgæði þín til muna. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynsu. Það gæti verið farmiðinn þinn inn í ævintýraheim hljóðsins.



Kringlunni • sími 568 7777 • heyra.is

**HEYRNARSTÖÐIN**





Ástkær móðir mín og amma okkar,  
**Unnur Sólveig Björnsdóttir**  
Bræðratungu 19, Kópavogi,

lést á sjúkrahúsi á Gran Canaria  
föstudaginn 27. janúar.  
Útför fer fram frá Digraneskirkju  
föstudaginn 17. febrúar kl. 11.

**Hlynur Aðils Vilmarsson**  
Nikulás Tumi, Unnur Sólveig, Anna Kamilla og Birna Ída



Ástkær eiginmaður minn, faðir,  
tengdafaðir, afi og langafi,  
**Jóhann Eyrbekk Sigurðsson**  
rafvirkjameistari,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir,  
sunnudaginn 12. febrúar. Útförin fer fram  
frá Langholtskirkju, fimmtudaginn 2. mars kl. 13.00.

**Laufey Bjarnadóttir**  
**Sigurður B. Jóhannsson** **Ólöf J. Eyland**  
**Bára Jóhannsdóttir** **Stefán Magnússon**  
barnabörn og barnabarnabörn



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,  
amma og langamma,  
**Ragna Erlendsdóttir**  
frá Þorlákshöfn,

lést á Hjúkrunarheimilinu Ási í  
Hveragerði 11. febrúar.  
Útför auglýst síðar.

**Linda Björg Sigurðardóttir**  
**Guðlaug Sigurðardóttir** **Björgvin Jón Bjarnason**  
**Jónas Sigurðsson** **Áslaug Hanna**  
og fjölskyldur



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,  
tengdafaðir og afi,  
**Hlynur Höskuldsson**

lést laugardaginn 4. febrúar.  
Útförin hefur farið fram í kyrrþey.


**Ólöf Einarsdóttir**  
**Höskuldur Hlynsson** **Birna Þórarinsdóttir**  
**Ólafur Hlynsson** **Guðrún Kjartansdóttir**  
**Hlynur Davíð Hlynsson** **Lisa Schmitz**  
og barnabörn



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð  
og hlýhug við fráfall elskulegrar  
eiginkonu minnar, móður okkar,  
tengdamóður, ömmu og langömmu,  
**Guðriðar Helgadóttir**

Sérstakar þakkir færum við einstöku  
starfsfólki Selsins og D-deildar  
Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja fyrir hlýju og  
góða umönnun.

**Sigurður G. Sigurðsson**  
**Hildur Sigurðardóttir** **Steinþór Jónsson**  
**Helgi Kjartan Sigurðsson** **Birna Björk Þorbergsdóttir**  
barnabörn og barnabarnabörn



Móðir okkar, tengdamóðir,  
amma og langamma,  
**Sólveig Jónsdóttir**  
Digranesvegi 75,

er látin. Tilkynnt verður um útför hennar síðar.

**Jóna Pálsdóttir** **Garðar Gíslason**  
**Gunnar Steinn Pálsson** **Lilja Magnúsdóttir**  
**Þórunn Ingibjörg Pálsdóttir** **Hafþór Kristjánsson**  
barnabörn og barnabarnabörn

## Konurnar í lífi Hannesar

Hannes Hafstein var umvafinn sterkum konum allt sitt líf sem höfðu vafalaust mikil áhrif á störf hans og viðhorf.

arnartomas@frettabladid.is

Sagnfræðingurinn Sigríður Bachmann flytur fyrirlestur í Hannesarholti í dag þar sem hún mun ræða nokkrar þeirra kvenna sem höfðu áhrif á líf Hannesar Hafstein. Fyrirlesturinn er haldinn í tilefni tíu ára afmælis Hannesarholts en Sigríður vann einnig að sýningunni „Konur – áhrifavaldir í lífi Hannesar Hafstein“ sem má finna á fyrrum heimili ráðherrans.

„Þegar ég fór að skoða sögu Hannesar varð mér fljótt ljóst að hann hafi verið á merktum tímamótum í kvennasögunni,“ segir Sigríður, sem fór í kjölfarið að skoða hlutina í stærra samhengi. „Hannes hefur verið þessi sterka landsföður-persóna – maður sér hann uppi á hesti með kónginn við hliðina. Þegar maður fer hins vegar að skoða hann frá annarri hlið þá sér maður af hverju hann er svo framarlega í kvenréttindabaráttunni á sínum tíma.“

Sigríður telur að kraftur Hannesar í baráttunni sé tilkominn af tvennu.

„Annars vegar þá eru tímarnir að breytast og í stað rómantikur þá er raunsaðið að taka við ásamt kvenfrelsisbaráttunni,“ segir hún. „En svo er hin hliðin að Hannes er í mjög sterkum kvennafans í gegnum sitt líf.“

Sigríður bendir þar á að Hannes hafi átt fleiri systur en bræður og fleiri dætur en syni. Þá hafi hann einnig verið umvafinn öflugum konum sem ungur maður.

„Hannes var sendur um tíu ára aldurinn í Skagafjörðinn til prestshjóna í Rípurhreppi. Þar var prestskonan Ingibjörg Eggertsdóttir ásamt fleiri konum í hreppnum að stofna fyrsta kvenfélag Íslands,“ útskýrir Sigríður. „Ég geri ráð fyrir því að hann hafi heyrt þessar umræður hennar um þetta og kannski hefur honum ekki fundist óeðlilegt að konur væru að spjalla um þetta.“

Á árum sínum í Lærða skólanum hefur Hannes ef til vill lært mikið af hálfstýrur sinni, Þórunni Jónassen, sem var á þeim tíma að stofna Thorvaldsensfélagið. Þá var Hannes einnig



Kvenskörungarnir settu eflaust svip sinn á skoðanir Hannesar.

MYNDR/ÆSENDAR



Sigríður Bachmann sagnfræðingur.

mikill trúnaðarvinur Bríetar Bjarnhédinsdóttur.

„Þau lásu mikið hvort fyrir annað og unnu náð saman. Hún sagði honum allt sem hún vildi að yrði gert og hann var sammála og barðist fyrir því. Bríet talaði oft um hversu mikil og góð samvinna hefði verið þeirra á milli,“ segir Sigríður. „Eftir að hafa kynnst öllum þessum sterku konum fannst Hannesi þannig kannski ekkert óeðlilegt að konur fengju sömu réttindi og karlar.“

Fyrirlestur Sigríðar hefst klukkan 17 í dag og aðgangur er ókeypis. ■



Elsku maðurinn minn og besti vinur,  
yndislegi pabbi okkar, afi,  
langafi og tengdapaði,  
**Einar G. Ólafsson**

Kambaseli 30,

lést á Landspítalanum laugardaginn  
4. febrúar í faðmi fjölskyldu sinnar.  
Að ósk hins látna hefur jarðarförin farið fram í kyrrþey.

**Kristbjörg Stella Þorsteinsdóttir**  
**Þóra Sigfríður Einarsdóttir** **Smári Viðar Grétarsson**  
**Maria Sunna Einarsdóttir** **Smári V. Waage**  
**Sigríður Lára Einarsdóttir** **Ólafur Ingi Stígsson**  
**Einar Örn Bergsson** **Guðrún Ása Eysteinsdóttir**  
**Sunneva, Daniel, Hinrik Atli, Katrín Ósk, Stigur Annel,**  
**Mikael Guðni, Davíð Emil, Rebekka Myrra, Rakel Þóra,**  
**Óliver Smári og Melina Helga**



Elskulegur faðir okkar,  
tengdafaðir og afi,  
**Jóhann Guðmundsson**  
rennismiður,

lést á Heilbrigðisstofnuninni á  
Hólmavík 10. febrúar. Útför hans fer fram  
frá Hólmavíkirkirkju laugardaginn 18. febrúar kl. 15.


**Guðmundur Jóhannsson** **Jóhanna Karlsdóttir**  
**Porkell Jóhannsson** **Sara Gunnarsdóttir**  
**Kristján Jóhannsson** **Bára Karlsdóttir**  
**Þór Jóhannsson** **Þórey Jónasdóttir**  
**Björk Jóhannsdóttir** **Stefán Gíslason**  
**Ingimundur Jóhannsson** **Sólrún Jónsdóttir**  
**Smári Jóhannsson** **Brynja Georgsdóttir**  
og afabörn



Ástkær eiginmaður minn, faðir,  
sonur og bróðir okkar,  
**Ármann Einarsson**  
Básahrauni 44, Þorlákshöfn,

lést föstudaginn 10. febrúar á  
gjörgæsludeild Landspítalans.  
Útför hans fer fram laugardaginn 25. febrúar  
kl. 13.30 í Þorlákskirkju.

**Linda Ósk Jónsdóttir**  
**Unnur Rós Ármannsdóttir**  
**Guðmundur J. Ármannsson** **Magnea Ásta Magnúsdóttir**  
**Jón Þór Eyjólfsson**  
**Einar Friðrik Sigurðsson** **Helga Jónsdóttir**  
**Eydis Einarsdóttir** **Jörgen Jörgensen**  
**Sóley Einarsdóttir** **Guðbjartur Örn Einarsson**  
og frændsystkin



Móðir okkar, tengdamóðir,  
amma og langamma,  
**Charlotte Guðlaugsson**  
frá Vík í Mýrdal,

lést á Hjúkrunarheimilinu Kirkjuhvoli  
laugardaginn 11. febrúar sl.  
Útförin fer fram frá Stórólfsþvolskirkju,  
Hvolsvelli, mánudaginn 20. febrúar kl. 14.  
Streymt verður frá jarðarförinni á Facebook.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,  
**Edda, Agnes og Guðlaugur**  
Antonsbörn



# LEITAR ÞÚ AÐ STARFSMANNI?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og að rétti einstaklingurinn finnist fyrir þá aðila sem nýta sér þjónustu okkar vegna ráðninga starfsfólks í allar tegundir starfa.

## ATVINNUAUGLÝSING HJÁ HH RÁÐGJÖF KOSTAR AÐEINS **24.500 kr.\***

Á Atvinnuvefnum geta fyrirtæki sett sjálf inn atvinnuauglýsingar og nýtt ráðningarkerfið okkar til að vinna úr umsóknum eða beint umsóknum á eigin síðu.

### » Ódýrt

- Sanngjarnt lágt verð
- Einföld verðskrá

### » Skilvirkt

- Flokkunarkerfi
- Aðstoð við textagerð
- Svarpóstar
- Viðbótarþjónustur
- Fjöldi umsækjenda á skrá

### » Auðvelt í notkun

- Þú setur inn atvinnuauglýsingu í ráðningarkerfi
- Móttækur umsóknir í ráðningarkerfi
- Flokkar og vinnur úr umsóknum í ráðningarkerfi
- Svarar umsækjendum í ráðningarkerfi
- Ráðgjafar HH Ráðgjafar alltaf tiltaks ef á þarf að halda

Atvinnuauglýsingin þín birtist í Atvinnuappinu og á Atvinnuvef HH Ráðgjafar og [dv.is](http://dv.is)

\*Verð er án vsk.

## Atvinnuappið einfaldar atvinnuleitina

FJÖLDI STARFA Í BOÐI

ATVINNUAPPIÐ – HH RÁÐGJÖF

## SJÓNVAÐSDAGSKRÁ

## HRINGBRAUT

- 18:30 Fréttavaktin** Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19:00 Mannamál** Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Sigmundur Ernir ræðir við þjóðþekkt einstaklinga um líf þeirra og störf.
- 19:30 Suðurnesja-magasín** **Vikurfréttir** Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum.
- 20:00 Frísk eftir fimmtugt** Þáttur um heilsu og heilbrigði í umsjón Björns Þorlákssonar. (e)
- 20:30 Fréttavaktin** Fréttir dagsins í opinni dagskrá. (e)
- 21:00 Mannamál** Sigmundur Ernir ræðir við þjóðþekkt einstaklinga um líf þeirra og störf. (e)

## RÚV SJÓNVARP

- 08.50 HM í alpagreinum**
- 10.45 Fréttir með táknmalstúlkun**
- 11.10 Heimaleikfimi**
- 11.20 Kastljós**
- 11.45 Landinn**
- 12.15 Lögin í Söngvakeppninni - brot**
- 12.20 HM í alpagreinum**
- 13.45 Miðlalæsisvika**
- 13.55 Lögin í Söngvakeppninni - brot**
- 14.00 HM í skiðaskotfimi**
- 15.00 Útsvar 2017-18** (Rangárþing eystra - Árborg)
- 16.15 Á tali hjá Hemma Gunn** 1992-93
- 17.40 Sætt og gott**
- 18.00 KrakkaRÚV**
- 18.01 Bakað í myrkri**
- 18.30 Ofurhetjuskólinn**
- 18.45 Krakkafréttir**
- 18.50 Lag dagsins**
- 19.00 Fréttir**
- 19.25 Íþróttir**
- 19.30 Veður**
- 19.35 Kastljós**
- 20.05 Ímynd** Heimildarþáttaröð í sex þáttum þar sem íslensk ljósmyndun er skoðuð út frá sjónarhorni lista, landslags, samtímans, skrásetningar, fréttaflutnings, fortíðar og framtíðar.
- 20.35 Okkar á milli** Sigurlaug Margrét Jónasdóttir fær til sín góða gesti og ræðir við þá undir fjögur augu.
- 21.05 Ljósmyndir**
- 22.00 Tiufréttir**
- 22.15 Veður**
- 22.20 Lögregluvaktin**
- 23.00 Heima**
- 23.25 Lea**
- 00.05 Dagskrárlök**

## SJÓNVARP SÍMANS

- 06.00 Tónlist**
- 12.00 Dr. Phil**
- 13.39 The Late Late Show**
- 14.19 The Block**
- 15.49 Love Island**
- 16.35 The Bachelor**
- 16.55 Survivor**
- 17.40 Dr. Phil**
- 18.25 The Late Late Show**
- 19.10 The Block**
- 20.10 Læknirinn í eldhúsinu**
- 20.40 Nýlendan** Íslendingar sem leita á framandi slóðir til að endurheimta tengsl við sjálfíð og náttúruna.
- 21.10 9-1-1**
- 22.00 Love Island**
- 22.45 American Gigolo**
- 23.40 The Late Late Show**
- 00.25 NCIS**
- 01.10 NCIS: New Orleans**
- 01.55 Law and Order: Organized Crime**
- 02.40 The Handmaid's Tale**
- 03.25 Love Island**
- 04.10 Tónlist**

## STÖÐ 2

- 08.00 Heimsókn**
- 08.25 Grand Designs: Sweden**
- 09.10 Bold and the Beautiful**
- 09.30 Best Room Wins**
- 10.15 FC Ísland**
- 10.45 Schitt's Creek**
- 11.10 Lífið utan leiksins**
- 11.45 Franklin & Bash**
- 12.25 Þetta reddast**
- 12.45 Skreytum hús**
- 13.00 A friend of the Family**
- 13.50 Grand Designs**
- 14.40 The Midwich Cuckoos**
- 15.40 The Masked Singer**
- 16.45 Home Economics**
- 17.20 Franklin & Bash**
- 18.00 Bold and the Beautiful**
- 18.25 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.50 Sportpakkinn**
- 18.55 Ísland í dag**
- 19.20 Samstarf** Raunveruleikaþættir með áhrifavöldunum Sunnevu Einarsdóttur og Jóhönnu Helgu Jensdóttur sem eru komnar á slóðina með mögulegt framtíðarstarf.
- 19.40 Love Triangle** Þættir þar sem reynt er á grunnhyggju einhleypa einstaklinga með því að para þá saman byggt á dýpri tengingu.
- 20.50 Vampire Academy**
- 21.40 NCIS**
- 22.25 Sorry for your Loss**
- 23.00 The Undeclared War**
- 23.45 Succession**
- 00.40 Magnum P.I.**
- 01.25 A Friend of the Family**
- 02.15 The Midwich Cuckoos**
- 03.20 Grand Designs**

## Var strítt á því að hún ynni við að skera börn

Guðrún Aspelund sóttvarnalæknir er næsti gestur Sigmundar Ernís í Mannamáli á Hringbraut í kvöld, en þar fer hún yfir æsku sína og norskar rætur, svo og ástfóstrið sem hún tók við námsbækurnar, sem skilaði henni í læknisfræðina – og að lokum í sérnám í skurðlækningum og síðar barnaskurðlækningum. Við þær vann hún um árabíl í New York og var stundum strítt á því að hún ynni við að skera börn. ■



## KROSSGÁTA

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

## LÁRÉTT

- 1 rófa  
5 aftra  
6 goð  
8 fipa  
10 í röð  
11 stafur  
12 línurit  
13 lesa  
15 tímaeining  
17 hindra

## LÓÐRÉTT

- 1 dreifður  
2 hnarreist  
3 önn  
4 tefja  
7 jafnhliða  
9 ske  
12 laut  
14 stansa  
16 verkfæri

LÁRÉTT: 1 skott, 5 tef, 6 ás, 8 ringla, 10 jk, 11 fara, 9 geras, 12 gróf, 14 æja, 16 ár.  
LÓÐRÉTT: 1 strjáll, 2 keik, 3 ofn, 4 tálma, 7 samem, 12 gra, 13 læra, 15 ljósar, 17 áftra.


## SUDOKU

7		3		2		9	6	5
	1						2	
	5	6			3		8	
4			9	5	1			
					7	1	4	2
3							7	
			8			2		
5	7		3	4		6		8
	4		2			3		

	2			5			4
4		8			7		
		8		6	5		
		9		1	8		5
	4	7			8		6
2							
			2			3	
1			6	7			
	3			8		9	

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

## PONDUS



## FRODE ØVERLI

# Sunnanvindur

— Eftirlætislög Íslendinga —

Salurinn Kópavogi 14. apríl  
Hof Akureyri 15. apríl

Grétar Örvarsson · Ragnheiður Gröndal · Karl Örvarsson  
Ásta Soffía Þorgeirsdóttir · Eiður Arnarsson · Sigfús Óttarsson  
Þórir Úlfarsson · Haukur Gröndal · Pétur Valgarð Pétursson

Miðasala á Tix.is og Salurinn.is



Viktoria Blöndal er mikil fót-boltakona og heldur með liðinu Arsenal í ensku deildinni.  
FRÉTTABLAÐIÐ/  
ERNIR

## Allar heimsins tilfinningar í fótbolta



Þorvaldur S.  
Helgason  
tsh  
@frettabladid.is

Leikritið Óbærilegur léttleiki knattspyrnunnar skoðar marglaga heim knattspyrnunnar þar sem allar heimsins tilfinningar fá að njóta sín í 90 mínútur.

Viktoria Blöndal leikstýrir verkinu Óbærilegur léttleiki knattspyrnunnar sem frumsýnt verður í Tjarnarbíói í byrjun mars. Um er að ræða leikrit eftir Ólaf Ásgeirsson og hópinn sem fjallar um knattspyrnumenningu og er að sögn aðstandenda sýning fyrir alla sem elska og hata fótbolta.

„Þetta er gluggi inn í þennan heim sem margir þekkja en margir kannast ekkert við og finnst bara fjarlægur og hræðilegur. En verkið er hundrað prósent líka fyrir þá sem standa utan við þessa fótbolta-menningu, því það er mjög létt að skella við skollaeyrum og segja að þetta sé bara kjaftæði og bull en þessi heimur er raunverulegur fyrir svo marga,“ segir Viktoria.

### Marglaga karlmennska

Verkið fjallar um bræðurna Þorleif Aron, kallaður Doddi, sem er fráskilinn maður á fimmtugsaldri, og Óla Gunnar, yngri bróður hans, sem hittast til að horfa á alla leiki Manchester United saman í sófanum.

„Þetta er svoltið svona Groundhog Day hjá þeim, það eru hefðir og venjur og allt svoltið fast í sessi en þennan dag gerast ýmsir hlutir. Allt fer eiginlega úrskeiðis, en samt ekki,“ segir Viktoria.

**Erú bræðurnir kannski svoltið fastir í sama farinu?**

„Kannski eru þeir að einhverju leyti fastir en þeir eru líka bara ánægðir með hlutskipti sitt. Þetta er líf þeirra, yndi og ást. Í fótbolta-anum eru allar heimsins tilfinningar, hvort sem okkar líkar betur eða verr. Það eru fimm leikarar á sviðinu, allt karlmenn, þannig að við erum auðvitað að skoða aðeins inn í þessa karlmennsku, sem er marglaga.“

**Er ekki fótbolta einmitt sport þar sem karlmenn fá tækifæri til að tjá alls konar tilfinningar sem þeir fá vanalega ekki leyfi til að sýna?**

„Algjörlega, þetta eru þessar 90 mínútur sem þeir hafa til að taka út bara allar tilfinningar sínar. Takast



á við skilnað eða missi eða bara lífið. Þessir menn á okkar sviði, þeir fara í gegnum allan skalann.“

### Allir hafa skoðun á fótbolta

Spurð um hvort hún sé sjálf mikil fót-boltakona tekur Viktoria hiklaust undir það.

„Ég spilaði fótbolta alla mína barnæsku og unglingsár og um leið og það rúllar einhvers staðar bolti þá sparka ég í hann, það eru bara svona líkamleg viðbrögð,“ segir hún.

Söguhetjur verksins eru miklir Manchester United-menn en Viktoria kveðst sjálf hafa verið alin upp á Arsenal-heimili þótt hún fylgist ekki ýkja mikið með enska boltanum lengur.

„Ég fylgist ekki mikið með fótbolta en ég heyrir í honum úti um allt. Hann er alls staðar, hvar sem maður kemur, hvort sem maður er í fjölskyldubodum eða að fæða barn eða hvar sem er, fótbolta er úti um allt. Það hafa allir mjög sterkar skoðanir á fótbolta, hvort sem þeir hata hann eða elska, sem er svo fyndið. Fólk sem veit ekkert um fótbolta og hefur aldrei spilað fótbolta hefur mjög sterkar skoðanir á honum og þeir sem eru í fótbolta hafa það náttúrlega líka,“ segir hún.



Ég spilaði fótbolta alla mína barnæsku og unglingsár og um leið og það rúllar einhvers staðar bolti þá sparka ég í hann, það eru bara líkamleg viðbrögð.

### Valdimar leikur sjálfan sig

Tónlistarmaðurinn Valdimar Guðmundsson stígur á svið í Óbærilegur léttleiki knattspyrnunnar og leikur sjálfan sig auk þess sem hann sér um tónlistina.

„Hann leikur kannski svona stórt hliðarskref af sjálfum sér. Það verður mikil tónlist en hann á sér draum, Valdimar, í verkinu og við fáum að fara í gegnum það ferðalag með honum,“ segir Viktoria.

Leikarar verksins eru allt karlmenn en listrænir stjórnendur þess allt konur, á öllum vígstöðvum og eru allir aðstandendur sýningarinnar miklir fót-boltaáhugamenn.

„Þetta eru fimm karlmenn inni á sviði en svo eru bara konur utan sviðs. Leikstjórn, dramatúrgía, sviðshreyfingar, tækni, hljóð, sviðsmynd og búningar. Þannig það gefur þessu líka mjög skýran blæ. Allir hafa tengingu við fótbolta þannig að þetta er ekki við að hlæja og benda á þessa fót-boltamenningu, heldur slær hjartað í henni, þannig við skiljum og erum þarna,“ segir Viktoria.

Í verkinu leika Albert Halldórsson, Ólafur Ásgeirsson, Starkaður Pétursson, Sveinn Ólafur Gunnarsson og Valdimar Guðmundsson. ■

Í verkinu leika Starkaður Pétursson, Ólafur Ásgeirsson, Sveinn Ólafur Gunnarsson, Albert Halldórsson og Valdimar Guðmundsson.

MYND/BERGLIND  
RÖGNVALDSDÓTTIR

# Sjötugur Egill snertir bernskudrauminn

Egill Ólafsson varð sjötugur 9. febrúar og á laugardaginn verður loks fagnað með stæl í Háskólabíói. Tílefnið er enda ærið og allaveganna þrefalt þar sem útgáfuhófi plötunnar Tu duenden/el duende verður fléttað saman við afmælisgleðina og sýnt úr heimildarmynd um gerð hennar þegar bernskudraumur Egils var pressaður á vínul.

odduraevar@frettabladid.is  
toti@frettabladid.is

Egill Ólafsson, stórleikari, tónlistar-goðsögn í lifanda lífi og Stuðmaður með miklu meiru, var í Japan við tókur á Snertingu, næstu bíómynd Baltasars Kormáks, þegar hann varð 70 ára í byrjun mánaðarins.

Egill er í aðalhlutverki myndarinnar og þar sem afmælið bar upp á frídegi frá tókum hafði hann hugsað sér að taka því rólega á tímamótunum. Baltasar hleypti þeim áformum þó í loft upp með því að boða Egil í skyndi á fund sem reyndist þó aðeins yfirskin fyrir óvænta afmælisveislu.

Nú er svo loksins komið að opinberum afmælisfögnuði á heimavellinum og ekki verið að pukrast með neitt í Háskólabíói á laugardaginn þegar hjónin Egill og Tinna Gunnlaugsdóttir bjóða, ásamt kvikmyndagerðarmanninum Jóni Karli Helgasyni, til afmælis- og útgáfuhófs tvöföldu plötunnar Tu duenden/el duende sem Egill sendi frá sér fyrir skömmu.

„Mig hefur lengi langað að gera plötu í þessum stíl, þessi músík hefur höfðað til mín, allt frá því að ég sem barn heyrði Harry Belafonte syngja „Island in the sun“ í útvarpinu og heillaðist svo að ég tók fram lítið ukulele sem ég hafði fengið í sex ára afmælisgjöf og reyndi að herma eftir,“ segir Egill um bernskudrauminn að baki plötunni og hefur nú loksins verið pressaður á vínul.

Hann segir plötuna ekki aðeins tvöfalda heldur sé hún í raun tví-, ef ekki þrítyngd, þar sem fyrri platan er sungin á ensku og spænsku í „latínskum“ stíl en seinni platan á íslensku.

„Ég fékk til liðs við mig tvo frábera kúberska listamenn, þau Argimiro Sánchez og Lissette Hernández,“ heldur Egill áfram og bætir við að gítarleikarinn Argimiro útsetti lögin að réttu hita-



Egill Ólafsson við tókur á Snertingu í Japan.

MYND/BALTASAR BREKI



Þessi músík hefur höfðað til mín, allt frá því að ég sem barn heyrði Harry Belafonte syngja „Island in the sun“ í útvarpinu.

Egill Ólafsson



Sjötugur Egill Ólafsson og Tinna Gunnlaugsdóttir í góðra vina og samstarfsfólks hópi í Japan þar sem Baltasar Kormákur lokkaði hann í óvænta afmælisveislu með fólksu fundarboði.

MYND/BALTASAR BREKI

stigi og Lissette leiddi sönginn. „Á seinni plötunni sé ég um sönginn með góðri hjálp frá Ellen Kristjánsdóttur, þeirri fráberu söngkonu og fleirum.“

Egill þakkar góðum vini sínum, spænska bassaleikaranum Peter Axelsson Sörvåg, fyrir að hafa óbeint orðið hvatamaðurinn að því að hann lét gamla Belafontedrauminn rætast. En auk þess að spila með honum á báðum plötunum hafi hann einnig kynnt Egil fyrir kúberska listafólkinu.

„Nú er þessi bernskudraumur að verða að veruleika, en platan er um leið þakkargjörð til RÚV fyrir að færa okkur heim í stofu tónlist frá öllum heimshornum og tendra þannig neistann í litlu drengshjarta svo hann varð ekki samur eftir,“ segir sjötugur Egill Ólafsson sem lét gamlan draum rætast áratugum eftir að smágutti heyrði söng Harry Belafonte á gömlu gufunni og teygði sig eftir ukuleleinu sem hann fékk í sex ára afmælisgjöf. ■

## LANDSÍMINN

# Hornstrandir og Vestfirðir verða fangaðir í ilmkerturnum



bth@frettabladid.is

**Sædis Óláf** hjá Kertahúsinu „Vestfirðir eru svo ríkir af ósnertri náttúru og víðernum. Ferðamenn leita hingað

vestur beinlínis til að komast í snertingu við hágæða vestfirskt loft. Því þá ekki að njóta ilmsins sem fólk finnur hérna með því að kveikja á kerti?“ segir Sædis Óláf Þórsdóttir hjá Kertahúsinu á Ísafirði. Hæstánægð með að hafa hlotið styrk til framleiðslu á ilmkerturnum sem munu anga af vestfirskum óbyggðum. Verkefnið er eitt 62 sem Uppbyggingarsjóður Vestfjarða ætlar að styrkja með alls rúmum 43 milljónum króna.

Kertin munu meðal annars



Kertin taka á sig ýmsar áhugaverðar birtingarmyndir.

MYNDIR/AÐSENDAR

ilma af hvönn, rekaviði, birki, berjalyngi og sjávarilmi.

Sædis segir nýsköpunina meðal annars hafa sprottið upp úr því að þau hjónin hafi áttað sig á að fjölgja mætti minjagripum fyrir þá sem heimsækja Vestfirði.

Kertasmiðjan hefur þegar markaðssett ýmis kerti og ilmkerturnar eru

næsta skref. Ilmoliur verða fluttar inn frá Bretlandi og Bandaríkjunum og Sædis mun blanda þeim saman og fanga þannig vestfirska náttúruangan.

Hún segir tvær gerðir ilmkerturna væntanlegar en vinnuheitin eru Hornstrandir og Ísafjarðardjúp.



Þau sem sækja Vestfirðina heim geta stólað á stuðlabergsvaxið.

„Hvönn, rekaviður og melgresi verða ráðandi tónar í Hornstrandakertinu en Ísafjarðarkertið mun meira byggja á birki og krækiberjalyngi

Nú vantar mig bara góða sniffara til að testa ilminn. Ég er svo bullandi bjartsýn að ég vonast til að koma fyrstu ilmkerturnum á markað næsta sumar, eða í öllu falli fyrir jól.“

Kertavaxið er danskt en kertin verða framleidd fyrir vestan.

Að sögn Sædisar hefur sú hugmynd einnig kviknað að opna gestastofu þar sem hver og einn gæti búið til sitt eigið ilmkertri.

„Við sjáum fyrir okkur að Kertahúsið verði starfrækt í anda Jóláhússins og fleiri svona staða þar sem upplifunin af heimsókn er heill heimur út af fyrir sig.

Þessi styrkur skiptir sköpum til þess að þetta ævintýri verði að veruleika,“ segir Sædis. ■

# Miklu meira en bara ódýrt

Álskófla Fiskars  
frá kr 2.895,-

Snjósköfur  
frá kr 2.985,-

Bílsköflur  
verð frá  
kr 2.495,-

Bílrúðuskafa  
m/klústi  
kr. 1.995,-  
(frá 995)

Strekkibönd

Bílrúðusköfur  
frá kr 295,-

Bensínbrúsar  
5/10/20L  
Plast&Stál

Strákústar  
frá kr 995,-

Klakasköfur

Hálkubroddar  
kr 895,-

Yfirbreiðslur  
margar stærðir

Dráttartóg  
frá kr 2.495,-

Hitamælar  
í miklu úrvali

Rúðuvökvi

Starkaplar  
frá kr 1.995,-

Hálkusalt

VIAIR 12V  
Loftdælur

Neyðarkeðjur  
Plast

Íseyðir  
kr 995,-

Höfuðljós  
kr 995,-

Vasaljós  
í miklu úrvali

Hleðslutæki



## Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is

Mán.-fös. kl. 9-18, lau. kl. 10-17, sun. kl. 12-16


 MANNAMÁL


## MANNAMÁL

FIMMTUDAGA KL. 19.00

OG AFTUR KL. 21.00

Persónulegur viðtalsþáttur þar sem áhugaverðir og jafnvel þjóðkunnir Íslendingar segja frá lífi sínu og starfi á opinskáan og hispurlausan hátt. Stjórnandi þáttarins er Sigmundur Ernir Rúnarsson.



HRINGBRAUT



Listakonan Sara Óskarsson fann þörf fólks til að gefa tilfinningum sínum lausan tauminn í myndlist og byrjar á því að bregðast við með netnámskeiði fyrir konur, 40 ára og eldri.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Sköpunarþörf kvenna á besta aldri leyst úr læðingi

„Ég hef ótrúlega oft heyrt fólk, sérstaklega konur, harma það að kunna hvorki að teikna né mála,“ segir listakonan Sara Óskarsson, sem ákvað að bregðast við með ókeypis netnámskeiði fyrir konur, 40 ára og eldri. Innblásturinn fékk hún ekki síst frá ömmu sinni sem hélt sína fyrstu einkasýningu 83 ára gömul.

toti@frettabladid.is

„Þetta byrjar vel og það eru um 50 konur búnar að skrá sig á námskeiðið og enn eru nokkrir dagar eftir þannig að ég vonast til að sem flestar skrái sig,“ segir listakonan Sara Óskarsson um netnámskeið sitt í listmálun sem ætlað er fertugum konum og eldri og hefst á mánudaginn.

Sara segir þessi miklu viðbrögð koma henni ánægjulega á óvart þótt hún hafi áður verið búin að kanna jarðveginn og greina mikla en niðurbælda tjáningarþörf hjá fjölda fólks.

Hún segir ótrúlegan fjölda sýningargesta hennar og fólk sem hefur heimsótt hana í vinnustofuna og gallerið hafa kvartað yfir því að kunna hvorki að teikna né mála.

### Bara best að byrja

„Sérstaklega konur sem segjast langa svo mikið til að mála. Þær þori jafnvel ekki að byrja eftir að hafa hætt að mála og teikna sem börn,“ segir Sara og segir þann misskilning mjög útbreiddan að nauðsynlegt sé að læra einhvern sérstakan grunn áður en hægt sé að byrja að mála.

„Og svo finnst mér, að mörgu leyti og með fullri virðingu, sú kennsla sem fólk stendur til boða svo leiðinleg,“ segir Sara og hlær. „Þetta getur hentað sumum en fyrir aðra er þetta nóg til að drepa alla sköpunargleði. Að sitja saman í hóp og teikna sama boltann og skyggja hann.“

Ef fólk hefur áhuga og þörf til þess að skapa vil ég bara að það byrji. Það er svo mikilvægt að byrja bara og láta á þetta reyna,“ heldur Sara áfram og bætir við að þegar fólk sé komið í gang geti síðan vel hentað að læra tæknileg atriði betur.

### Óttinn við að mistakast

Áður en Sara byrjaði á þessu verk-



Sú lífsreynsla sem fólk býr að á þessum aldri er algert gull inn í sköpunarferlið.

Sara Óskarsson

haldið heilan fyrirlestur um að hún taki þessa afsökun hvort eð er ekki gilda. „Maður hefur tíma fyrir það sem maður hefur áhuga á.“

Hún ákvað síðan að víkka aldurshópin aðeins þar sem hún hafi orðið vör við mikinn áhuga hjá konum upp úr fertugu. „Það er líka þessi misskilningur hjá fólki að halda að þau séu búin að missa af einhverri lest. Það er af og frá því sú lífsreynsla sem fólk býr að á þessum aldri er algert gull inn í sköpunarferlið ef fólk er með þörfina.“

### Innblástur frá ömmu

Sara nefnir síðan ömmu sína, Elísabetu Gunnlaugsdóttur, til sögunnar. Bæði sem gott dæmi um að lestin fer aldrei og ekki síður sem helsta hvatann að því að hún ákvað að bjóða upp á námskeiðið.

„Ég náttúrulega fór í listaháskóla og útskrifast og allt það og amma kom í útskriftina og svo byrjaði hún að sýna mér málverk sem hún málaði þegar hún var sextán, sautján ára. Bara alger meistaraverk. Alveg ótrúlega flott.“

Hún byrjaði síðan aftur að mála þegar hún var eitthvað um 79 ára og þegar hún var 83 ára hjálpaði ég henni að setja upp hennar eigin einkasýningu. Ég hugsa mikið um að hún hefði getað orðið alveg frábær málari ef hún hefði fengið tækifærið sem ég fékk,“ segir Sara. „Og það er líka svona innblásturinn að baki því að ég er að gera þetta.“ ■



Námskeiðið hefst á mánudaginn og stendur í fjórar vikur þannig að enn er tími til að skrá sig á netinu eða með því að skanna QR-kóðann.



*Verið  
velkomin!  
í hjarta Hafnarfjarðar*





## BAKÞANKAR

Kolbeins  
Marteinssonar

## Gervipistill

Tilkoma gervigreindar hefur gjörbreytt lífi okkar, vinnu og samskiptum. Einn mest spennandi angi þessarar tækni er geta gervigreindar til að skrifa texta. Það er áhugavert að ímynda sér framtíð þar sem gervigreind skrifar pistil eins og þennan en það eru bæði kostir og gallar sem rétt er að hafa í huga.

Ef við byrjum á því jákvæða þá gætu textaskrif sem skrifuð eru af gervigreind aukið skilvirknir og framleiðni. Þar sem tæknin getur skrifað mikið magn af texta á stuttum tíma. Þannig má spara verulega fjármuni fyrir fjölmiðla og fyrirtæki sem þurfa að skrifa mikið af textum.

Hins vegar eru gallar á gæðum efnis sem gervigreindin skrifar því hún er gjörsneydd ímyndunarafli sem aðeins mannhugurinn býr yfir. Gervigreind skortir líka innvísun í menningarlegar tilvísanir og smáatriði sem eru grunnstoð í samskiptum manna á milli. Það má einnig leiða að því líkur að með auknum þunga gervigreindar munum við sjá sífellt minni fjölbreytileika og tæknin muni skila af sér af formúlukennndum og almennum textum.

Þessi texti hér að ofan er skrifður af gervigreindarforritinu Chat GPT sem er aðgengilegt á netinu. Ég prófaði að biðja forritið um að skrifa fyrir mig pistil, um kosti og galla þess að gervigreindin sjái um skrif á slíkum pistli. Innan 50 sekúndna fékk ég textann hér að ofan á ensku. Ég þýddi hann á íslensku eins orðrétt og mér var kostur. Pistillinn er ekki sá skemmtilegasti en miðað við að þessi tækni er á frumstigum er ljóst að byltingin er rétt að byrja. ■

Fyrir fólk í leit af  
nýjum tækifærum

Skannaðu mig



BYKO

GERUM PETTA SAMAN

Herholz®

# ÞÝSKAR SERPANTAÐAR INNIHURÐIR

Herholz hurðirnar standast öll gæðapróf